

**UMFÍ**

# ÞINGGERÐ 2023

53. SAMBANDSPINGS UMFÍ AÐ GEYSI Í HAUKDAL  
20. - 22. OKTÓBER 2023

**53** SAM  
BANDS  
PING  
UMFÍ

## EFNISYFIRLIT

---

DAGSKRÁ .....	3
ÞINGSETNING .....	4
KOSNIR STARFSMENN ÞINGSINS .....	7
ÁGRIP AF SKÝRSLU STJÓRNAR .....	8
ÁVÖRP GESTA .....	8
VIÐURKENNINGAR .....	9
HÁTÍÐARKVÖLDVERÐUR OG SKEMMTUN .....	12
KYNNING Á SKIPULAGI ÍÞRÓTTAMÁLA .....	12
KJÖRBRÉFANEFND SKILAR ÁLITI .....	13
SKÝRSLA STJÓRNAR FRAMHALD OG ÁRSREIKNINGUR .....	13
UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG ÁRSREIKNING .....	13
MÁL LÖGÐ FYRIR ÞINGIÐ .....	14
NEFNDARSTÖRF HEFJAST .....	27
UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA MÁLA .....	28
KOSNINGAR .....	41
ÞINGSLIT .....	42
MÁLSTOFUR .....	42
KVÖLDVERÐUR OG SKEMMTUN .....	42
MATMAÐUR ÞINGSINS .....	43
FULLTRÚAR, GESTIR OG STARFSFÓLK .....	43

# DAGSKRÁ

## FÖSTUDAGUR

- 18:00** Þingsetning  
Kosning starfsmanna  
þingsins og kjörbréfanefndar  
Ágrip af skýrslu stjórnar
- 19:00** Ávörp gesta  
Viðurkenningar
- 20:00** Hátíðarkvöldverður  
og skemmtun

## SUNNUDAGUR

- 09:45** Umræður og  
afgreiðsla mála
- 12:00** Þingslit

## LAUGARDAGUR

- 09:45** Stefnum öll í sömu átt! – Íþróttir til framtíðar  
Vésteinn Hafsteinsson, sérfræðingur á skrifstofu  
stefnumótunar og innleiðingar í mennta- og  
barnamálaráðuneytinu
- 10:30** Kjörbréfanefnd skilar álit  
Skýrsla stjórnar og ársreikningur  
Umræður og afgreiðsla um skýrslu stjórnar og ársreikning
- 11:00** Mál lögð fyrir þingið  
Nefndarstörf
- 12:30** Hádegishlé
- 13:30** Nefndarstörf
- 14:30** Málstofur: Íþróttalög | Mótahald | Allir með
- 15:15** Nefndir og málstofur skila álit  
Umræður og afgreiðsla mála
- 17:00** Kosningar: Formaður, stjórn, varastjórn og kjörnefnd  
Umræður og afgreiðsla mála
- 19:00** Hlé
- 20:00** Kvöldverður og skemmtun

# ÞINGSETNING

Þing sett kl. 18:00 föstudaginn 20. október

## TÓNLISTARATRIÐI

Magnús Þór Sigmundsson flytur lagið Ísland er land þitt.

## ÁVARP

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður Ungmennafélags Íslands, bauð þingfulltrúa velkomna á 53. Sambandsþing Ungmennafélags Íslands á Hótel Geysi í Haukadal.

## ÞINGSETNINGARRÆÐA JÓHANNS STEINARS

Mennta- og barnamálaráðherra, framkvæmdastjóri ÍSÍ, þingfulltrúar og aðrir góðir gestir.

Verið velkomin á 53. Sambandsþing UMFÍ hér við Geysi í Haukadal. Það er vel við hæfi að halda þingið hér á Hótel Geysi, hóteli sem stendur á grunni hins landsþekkta íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar. Sigurður var einnig traustur liðsmaður og lét málefni UMFÍ mjög til sín taka á sinni tíð.

Íþróttaskólinn var einstök uppeldisstofnun og hjarta félagsmálaskóla ungmennafélags-hreyfingarinnar. Hann byggðist upp á miklum eldmóði og framsýni í þá tæpu hálfu öld sem hann starfaði; gildi sem ungmennafélagshreyfingin hefur löngum tileinkað sér.

Tímabili sitjandi stjórnar er nú að ljúka, tímabili sem einkennst hefur af tímamótum. Við höfum vegferðina á Húsavík fyrir tveimur árum þegar COVID-faraldurinn hafði farið um heimsbyggðina í tvö ár með tilheyrandi samkomutakmörkunum og truflunum á daglegt líf. Og fór íþróttastarfið ekki varhluta af því. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar íþróttafélaga um allt land lögðu hart að sér til að halda starfinu gangandi og iðkendum á hreyfingu. Það skipti miklu máli og var samfélaginu til heilla.

Kannanir eftir COVID sýna okkur betur en áður að þeir iðkendur sem áttu þess kost að taka þátt í einhvers konar skipulögðu íþróttastarfi á meðan faraldurinn geisaði líður almennt betur en þau

sem standa utan við starfið eða eiga ekki kost á því að taka þátt í því. Í Ánægjuvuginni kemur m.a. fram að:

47% meta líkamlega heilsu sína góða miðað við 19% sem æfa ekki íþróttir.

33% meta andlega heilsu sína góða miðað við 18% sem æfa ekki íþróttir.

50% segjast vera hamingjusöm miðað við 33% sem æfa ekki íþróttir.

64% fá nægan nætursvefn miðað við 44% sem æfa ekki íþróttir.

Þetta staðfestir það sem við höfum lengi haldið fram um mikilvægi starfsins og er ein megin ástæða þess að við öll erum tilbúin að leggja verkefninu lið.

Á þessum tíma sýndi íþróttahreyfingin; starfsfólk og sjálfbóðaliðar; úr hverju hún er gerð. Hún fann lausnir til að standa undir þjónustu við iðkendur. En árangurinn hefði þó orðið minni ef fleiri hefðu ekki stutt við vinnuna. Skilningur og framlag stjórnvalda, undir forystu mennta- og barnamálaráðherra, var ómetanlegur. Forystufólk sveitarfélaga og starfsmenn þeirra lögðu líka hönd á plóg í sínu nærsamfélagi. Í raun sýndu Íslendingar að með góðri samstöðu og samvinnu getum við í sameiningu tekist á við nánast allt sem verða vill.

Við erum nefnilega öll mögnuð - saman.

Það er auðvitað ekki sjálfsagt að þessi skilningur og stuðningur sé fyrir hendi. Ég vil því nýta tækifærið og þakka öllum þeim sem létu þetta ganga upp.

Margir erlendir samstarfsaðilar UMFÍ horfa öfundaraugum til okkar hér á Fróni því þau fengu ekki öll þennan stuðning. Þvert á móti var átak að koma íþróttastarfi aftur í gang í mörgum löndum og hefur sumt ekki enn náð fyrri styrk.

Faraldurinn kenndi okkur margt og það fengum við vissulega staðfest að þegar íþróttahreyfingin gengur í takt og vinnur saman þá er hún kraftmikil. Hún sýndi miklu meiri styrk en við höfum áður séð. Og á því þurfum við að byggja til framtíðar.

Við þekkjum það líklega öll að það getur krafist ákveðins hugrekks að stíga ný skref og fara nýjar leiðir. Við hjá UMFÍ stígum nokkur slík á kjörtímabilinu. Í febrúar í fyrra seldum við húsnæði Þjónustumiðstöðvarinnar við Sigtún í Reykjavík. Þetta var stór ákvörðun enda húsnæðið gott og hafði það þjónað hreyfingunni vel í áratug. Í augum margra félaga var Sigtúnið heimili hreyfingarinnar.

Það er reyndar svipuð saga með Sigtúnið og önnur hús og stórar ákvarðanir. Þegar það var keypt á sínum tíma var ekki almenn sátt um það. Húsið þótti bæði dýrt og stórt og sumum þótti það ekki henta starfsemi UMFÍ. Við sölnuna stendur þó uppúr að þetta reyndust happakaup fyrir hreyfinguna. Því stöndum við í þakkarskuld við þá sem tóku þessa ákvörðun á sínum tíma.

Eins og gengur og gerist við flutninga var Þjónustumiðstöðin um tíma á hrakhólum á meðan nýtt húsnæði var standsett. Í byrjun þessa árs flutti Þjónustumiðstöðin svo í nýuppgerð og glæsilegt húsnæði á Þriðju hæð Íþróttamiðstöðvarinnar við Engjaveg.

Tímamótin fólust þó ekki aðeins í flutningnum sjálfum heldur líka í þeirri staðreynd að ÍSÍ og UMFÍ hafa aldrei áður verið undir sama þaki. Þetta voru stór skref fyrir UMFÍ og enn kunna að vera skiptar skoðanir um húsnæðismálin innan hreyfingarinnar. Í fjölmennri hreyfingu verður þó slíkt að teljast fullkomlega eðlilegt en við vonum að þessi ákvörðun verði jafn gefandi og kaupin á Sigtúninu.

Fram að þessu hefur flutningurinn reynst gæfuspor og vænti ég þess að svo verði áfram. Hann hefur stýtt boðleiðir og hugmyndir hafa orðið til innan Íþróttahreyfingarinnar sem annars hefðu sennilega aldrei orðið að veruleika. Þá hafa fleiri átt þess kost að kynnast gildum UMFÍ og hinum eina sanna Ungmennafélagsanda. Það eitt og sér tel ég mikils virði!

Í Íþróttamiðstöðinni er hugmyndaríkt fólk sem þorir og kann að takast á við nýja hluti í Íþróttahreyfingunni. Ég er sannfærður um að samband starfsfólks UMFÍ við aðra stjórnendur og starfsfólk í Íþróttahreyfingunni hefur aldrei verið betra. Samskiptin og samstarfið innan Íþróttahreyfingarinnar hafa verið með besta móti og það skilar sér í því að við erum farin að

taka skrefin saman og samhljómur er í taktinum. Slíkt leiðir til meiri skilvirkni og er án nokkurs vafa samfélaginu til góða.

Á Sambandsþingi UMFÍ á Laugarbakka fyrir fjórum árum urðu tímamót. Þar samþykktum við aðild þriggja Íþróttabandalaga að UMFÍ. Síðan þá hefur Íþróttabandalag Hafnarfjarðar bæst í hópinn. Aðild ÍBH var sögulegur viðburður því þá voru öll Íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu innan vébanda UMFÍ. Með aðild þessara bandalaga hefur stærð og kraftur hreyfingarinnar aldrei verið meiri.

Með auknum krafti skiptir miklu máli að beisla hann með réttum hætti og setja stefnuna í rétta átt. Það gerum við með því að byggja ákvarðanir okkar á bestu fáanlegu gögnum.

Eins og ég nefndi hér áður þá standa þau börn og ungmenni sem stunda Íþróttastarf betur að vígi í samanburði við þau sem gera það ekki. Samt sem áður sjáum við í niðurstöðum rannsókna Íslensku Æskulýðsrannsóknarinnar og Ánægjuvogarinnar sem Rannsókn og greining standa að ásamt upplýsingum úr Lýðheilsuvísunum Embættis landlæknis, þá er mikið verk fram undan. Við getum ekki látið staðar numið. Lýðheilsan er viðvarandi verkefni. Nýjar áskoranir munu taka við af öðrum. Og við þeim þurfum við að bregðast - saman.

Á Íslandi hefur fjölbreytileikinn líklega aldrei verið jafn mikill. Iðkendur hafa sjaldan haft ólíkari þarfir. Íþróttahreyfing landsins þurfa að opna dyr sínar enn frekar svo að allir geti tekið þátt og það hver á sínum forsendum. Þetta kallar á aukna vinnu og skapar álag, sérstaklega fyrir fámennari félög.

Álagið birtist okkur með misjöfnum hætti. Sumir komast áfram á hnefanum á meðan við sjáum að aðrir bugast. Það gengur jafnvel svo langt að líkaminn lætur undan þó viljinn sé til staðar. Hér verðum við að stíga inn í því það er okkar hlutverk að tryggja að störf innan Íþróttahreyfingarinnar verði eftirsóknarverð með því að bjóða uppá heilbriggt starfsumhverfi. Við verðum að læra að sníða okkur stakk eftir vexti og forgangsraða þeim verkefnum sem á okkur eru sett, þrátt fyrir auknar kröfur og mikinn vilja. Annars er hætta á því að flótti verði frá hreyfingunni, því kröfurnar og álagið verður of mikið. Það er þvert á það sem við viljum standa fyrir, því aðdráttaraflíð á að vera gleði og gaman.

Við stóðum frammi fyrir miklu verkefni í Ungmennabúðunum á Laugarvatni þegar mygla greindist í húsnæðinu og við urðum að hafa hraðar hendur. Rétt áður höfðum við farið í stórt átak þegar við tókum við rekstri Skólabúðanna á Reykjum og komum starfseminni þar í gang á nokkrum vikum. Á sama tíma var allt á fullu í undirbúningi landsmóta auk daglegrar starfsemi. Þetta reyndi á en tókst með forgangsröðun verkefna og samhentu átaki. Við höfum sýnt það og sannað að við getum leyst verkefnið svo eftir sé tekið - þegar við vinnum saman. Því vil ég á þessari stundu ítreka þakkið mínar til allra þeirra sem lögðu sitt á vogarskálarnar svo öll þessi verkefni gengju upp.

Því miður er saga Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni á enda þrátt fyrir mikinn vilja okkar hjá UMFÍ og Bláskógarbyggðar til að halda starfinu gangandi. Kostnaður við endurbætur og framtíðar rekstur er of mikill til að ungmennafélags-hreyfingin geti ein og sér staðið undir því. En sagt er að allt hafi sinn tíma og við vitum ekki hvað framtíðin mun bera í skauti sér. Vonandi fáum við tækifæri til að hefja starfsemina að nýju með aðkomu fleiri aðila, hver veit?

Á jákvæðari nótum þá hefur saga Skólabúðanna á Reykjum nú tekið við og það hefur reynst farsælt skref. Húsnæðið var allt tekið í gegn og endurnýjað í afar góðu samstarfi við sveitarfélagið Húnaþing vestra. Aðstaða Skólabúðanna býður upp á mikla og fjölbreytta möguleika fyrir ungmennafélags-hreyfinguna og viljum við endilega hvetja ykkur til að koma með hugmyndir að nýtingu aðstöðunnar þar til framtíðar.

Og enn stöndum við á tímamótum. Á þessu þingi liggur fyrir tillaga um skiptingu afraksturs af lottóinu á landsvísu. Tímamótin felast ekki aðeins í tillögunni sjálfri heldur ekki síst í aðdraganda hennar, samvinnunni og tækifærunum sem geta orðið til og ætlað er að hjálpa okkur við að takast á við framtíðina.

Þessi tillaga tekur mið af breyttum tímum og horfir til fyrirsjáanlegrar og líklegar þróunar samfélagsins. Óhætt mun að fullyrða að UMFÍ og ÍSÍ hafi aldrei áður verið jafn samstíga um þau skref sem nauðsynlegt er að taka. Að mínu mati á samþykkt tillögunnar að geta leitt til þess að íþróttahreyfingin í heild nái enn frekari og betri árangri og framþróun á komandi árum.

Málefni íþróttarhéraða hafa lengi verið í deiglu. Íþróttahéruðin voru skipulögð við upphaf tuttugustu aldarinnar fyrir rúmum eitt hundruð árum og hafa lítið breyst síðan þótt allt umhverfið hafi tekið stakkaskiptum. Að minnsta kosti 25 ár eru síðan fyrstu skýrslurnar um breytingar litu dagsins ljós með ýmsum tillögum – sem aldrei urðu að veruleika. Við getum ekki verið fulltrúar kyrrstöðu. Íþróttahreyfingin á í eðli sínu að vera kvik og snörp. Hún verður að vera sveigjanleg og vera í fararbroddi og hún verður að nýta tækifærin. Við vitum að fram undan eru verkefni sem hreyfingin þarf að sinna og þeim fylgja kröfur og ábyrgð. Við verðum að skýra verklag okkar, forgangsraða og bæta slagkraftinn til að tryggja gott starf fyrir alla, alls staðar.

Á síðasta þingi var stjórn falið að vinna að þessum málum og leggja tillögu þess efnis fyrir þetta þing. Stofnaðir voru vinnuhópar hjá UMFÍ og ÍSÍ sem síðar unnu saman. Fólki víðs vegar að af landinu var fengið til að sitja í vinnuhópunum og endurspegladi það ólíka hagsmuni íþróttahéraða. Ýmsar útfærslur voru ræddar og að lokum lá fyrir sameiginleg tillaga þessara hópa sem felur í sér að komið verði á fót átta svæðastöðvum með samtals sextán starfsmönnum sem munu þjónusta íþróttahéruðin með samræmdum hætti.

Vinnuhóparnir horfa til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðastöðvar um allt land bæti skilvirkni íþróttahreyfingarinnar og geri þeim og starfsfólki þeirra betur kleift en nú að takast á við fyrirbyggjandi verkefni og ekki síður öll þau fyrirséðu verkefni sem eru við sjóndeildarhringinn.

Markmið tillögunnar er m.a. að létta álagi og ábyrgð af sjálfbóðaliðum, fá aukið fjármagn inn í íþróttahreyfinguna þar sem hlutfallslega hærrí fjárhæð fer út á landsbyggðina, samstarfið verður meira og samstarfsmöguleikarnir fleiri.

Tillagan sem nú er lögð fyrir þing UMFÍ er í eðli sínu sú sama og samþykkt var á þingi ÍSÍ í vor þar sem öll íþróttahéruð áttu fulltrúa.

Það er trú mín að með aukinni samvinnu og betra skipulagi takist okkur að virkja enn frekar kraftinn sem býr í hreyfingunni. Þessi tillaga á að tryggja að við verðum öflugri sem kraftmikil heild og betur í stakk búin til að takast á við verkefni til framtíðar.

Einhver ykkar voru á þingi ÍSÍ í vor. Þar nefndi ég að íþróttahreyfingin ætti alltaf að vera í fararbroddi. Hún ætti að stuðla að breytingum á vettvangi íþróttta. Við verðum að þróast og þroskast með samfélaginu og vera – eins og okkur er von og vísa – tilbúin til að takast á við áskoranir.

Það gerum við með því að breytast í takt við tíðarandann, vinna saman, nýta tækifærin og ná árangri.

Að síðustu!

Við heyrðum áðan lagið Ísland er land þitt eftir Magnús Þór, sem býr á sambandssvæði HSK.

Við þekkjum lagið eins og það sé sjálfur þjóðsöngurinn – og reyndar hefur verið mælt til þess að lagið verði sett á þann stall! Lagið blæs okkur kraft í brjóst, það eflir okkur og styrkir og við finnum fyrir Ungmennafélagsandanum.

En Magnús gefur okkur einnig innblástur í öðru lagi sem hann flutti með Jónasi Sigurðssyni, sem einnig er af HSK svæðinu. Textinn þar rammur inn ákveðna hugsun, sennilega ástæðuna fyrir því af hverju við erum í þessu öll saman. Af hverju við þurfum að halda áfram og breytast. Í laginu syngja

þeir um samstöðuna, um ástina og lífið með nýjum hætti – hvernig sem fari þá stöndum við saman, við tökum því sem að höndum ber.

... Og eins og segir í laginu: „Þess vegna erum við hér í kvöld, þú með mér og ég með þér, og við eigum vini góða, dætur, syni, börn og barnabörn“.

Þegar upp er staðið erum við sem störfum í þriðja geiranum ekki bara að því fyrir okkur sjálf heldur ekki síst fyrir þau sem standa okkur nærri og erfa munu landið.

Kæru ungmennafélagar og gestir!

Nýtum eldmóðinn og framsýnina sem þessi staður er þekktur fyrir og hugsum til framtíðar. Göngum í takt og leysum kraft íþróttahreyfingarinnar úr læðingi í störfum okkar hér á þinginu. Því við erum sterkust – saman!

Jóhann Steinar sagði svo 53. Sambandsþing UMFÍ við Geysi í Haukadal sett.

## TÓNLISTARATRÍÐI

Magnús Þór Sigmundsson flytur lagið Og þess vegna erum við hér.

## KOSNIR STARFSMENN ÞINGSINS

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu um þingforseta og varaþingforseta sem var samþykkt með lófataki.

### ÞINGFORSETI

Þórir Haraldsson

### VARAÞINGFORSETI

Olga Bjarnadóttir

Þingforsetar þökkðu fyrir traustið og fóru yfir nokkur praktísk atriði. Þingforsetar lögðu fram eftirfarandi tillögu um þingritara, sem var samþykkt með lófataki:

### ÞINGRITARAR

Sigurður Óskar Jónsson  
Anna Ragnheiður Möller

Þingforseti lagði fram eftirfarandi tillögu að skipan í kjörbréfanefnd, sem var samþykkt með lófataki.

### KJÖRBRÉFANEFND

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir USÚ  
Gunnhildur Gunnarsdóttir HSH  
Geir Kristinn Aðalsteinsson ÍBA

Þórir Haraldsson, þingforseti greindi frá því að til þingsins hefur verið boðað með löglegum hætti og telst þingið því löglegt.

# ÁGRIP AF SKÝRSLU STJÓRNAR

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fór yfir skýrslu stjórnar og greindi frá þeim tíðindum að Íþróttabandalag Suðurnesja sótti um aðild að UMFÍ fyrir nokkrum dögum. Hægt er að kynna sér skýrsluna og efni hennar á vefsíðu UMFÍ, undir þing- og fundargerðum.

## ÁVÖRP GESTA

### Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, rafræn kveðja á myndbandi

Guðni færði þingheimi heillaóskir og hlýjar kveðjur. Hann minntist Sigurðar Greipssonar, mikils ungmennafélaga og glímumanns, Sigríðar í Brattholti, mikillar baráttukonu í umhverfismálum. Guðni talaði um hversu mikilvæg lýðheilsa er, þar skiptir Ungmennafélagshreyfingin miklu máli. Hann þakkaði að lokum fyrir mjög góða samvinnu forsetaembættisins og UMFÍ við undirbúning og framkvæmd Forsetahlaups UMFÍ.

### Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra

Ásmundur þakkaði fyrir að fá að vera með í dag og að fá að ávarpa þingið sem íþróttamálaráðherra, en hann hefur áður ávarpað UMFÍ þing sem Félags- og barnamálaráðherra. Ásmundur þakkaði hreyfingunni líka kærlega fyrir elju og baráttu í COVID faraldrinum. Honum fylgdu ótal áskoranir, en rannsóknir hafa sýnt að fólk sem gat haldið sinni hreyfingu áfram kom betur út úr faraldrinum. Ásmundur ræddi líka um hinar „óformlegu“ íþróttir, þ.e. þetta „eitthvað annað“, sem margir í ungmennafélagshreyfingunni tilheyra. Ráðuneytið er með starfshóp um almenningsíþróttir í gangi. Ásmundur kom einnig inn á afreksíþróttirnar, en kynning á nýju stóru verkefni mun verða á þinginu í fyrramálið. Ásmundi er líka mjög huckleikið hvernig við getum stutt betur við börn sem eiga einhverra hluta vegna erfitt með að stunda íþróttir, t.d. vegna fötlunar, tungumálakunnáttu, búsetu o.fl. Ásmundur fjallaði einnig um ný farsældarlög og ýmislegt tengt þeim. Ásmundur fjallaði svo um tillögur sem liggja fyrir þinginu varðandi nýjar svæðisskrifstofur UMFÍ. Hann

sagði að ekki ætti að líta á þátttöku stjórnvalda í verkefninu sem hindrun í verkefninu. Það vakti mikinn fögnuð þingfulltrúa. Að lokum minntist Ásmundur starfa sinna fyrir UDN, þar sem ýmsar nýstárlegar fjáröflunarleiðir voru reyndar, með góðum árangri.

### Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ

Andri bar þingheimi kveðjur frá framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSÍ. Andri minntist einnig Sigurðar Greipssonar og íþróttaskólans sem hér var rekinn. Andri minntist líka veru sinnar í íþróttakennaraskólanum að Laugarvatni. Andri er mikill safnari og minntist á íþróttافرimerki sem gefin voru út í stórum stíl á árum áður, en sjást varla í dag. Íþróttahreyfingin hefur glímt við ýmsar áskoranir á síðustu árum. Hreyfingin verður að vera tilbúin til að sinna þeim verkefnum sem koma skulu, hvaðan sem þau koma. Þjálfarar í dag eru ekki bara þjálfarar, heldur skipuleggja þeir ferðir, reima skó og hughreysta íþróttafólkið. Andri kom einnig inn á tillögurnar um svæðaskrifstofurnar, sem samþykktar voru á íþróttþingi ÍSÍ sl. vor með fyrirvara um að sambandsþing UMFÍ myndi samþykka samsvarandi tillögu og að ríkisvaldið komi einnig veglega að verkefninu. Ef íþróttahreyfingin gengur í takt, er hún betur í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem hún þarf að sinna.

### Embla Líf Hallsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ

Embla, ásamt fleiri fulltrúum úr Ungmennaráði, kynntu sig og sögðu frá störfum og hlutverkum ráðsins. Ungmennaráð hélt nokkra viðburði á árinu, Ungt fólk og lýðræði, Samtal ungmennaráða, Skemmtisólarhring og Frisbílgolfmót.



Stærsti viðburður ráðsins er ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, sem nú var haldin á Reykjum í Hrútafirði, undir yfirskriftinni „Að jörðu skaltu aftur verða“. Þar voru umhverfismálin í brenni-depli. Yfirskrift næstu ráðstefnu verður „Ungt fólk og lýðheilsa“. Embla hvatti þingfulltrúa til að hafa ungt fólk með í ákvarðanatöku er varðar ungt fólk. Gott hjá þeim sem þegar gera það, en ef það vantar upp á, þá verður ráðið hér allt þingið og velkomið að leita ráða hjá því um það hvernig eigi að tala við ungt fólk.

## VIÐURKENNINGAR

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ afhendir.

### HVATNINGARVERÐLAUN

#### UMSS / TINDASTÓLL

Eftirfarandi texti fylgdi tilnefningunni:

Sjálfbóðaliðar Tindastóls vöktu mikla athygli á leikjum körfuknattleiksliðs meistaraflokks félagsins sem átti hvern stórleikinn á fætur öðrum undir stjórn nýs þjálfara. Sjálfbóðaliðar félagsins voru mjög sýnilegir og bjuggu til skemmtilega umgjörð fyrir stuðningsfólk félagsins.

Sjálfbóðaliðar Tindastóls voru til fyrirmyndar og er mikilvægt að vekja athygli á því.

Telma Knútsdóttir, framkvæmdastjóri UMSS veitti viðurkenningunni viðtöku.

#### ÍBR / PRÓTTUR

Eftirfarandi texti fylgdi tilnefningunni:

Hugmyndaauðgi er lykillinn að framtíð íþróttastarfs. Þetta sést vel á starfi knattspyrnufélagsins Þróttar. Þar er í boði mikið framboð íþróttagreina, sem ná til breiðs hóps iðkenda. Eftirtektarverð eru verkefni Þróttara með öllum aldurshópum, barnungum knattspyrnukrökkum, fólki af erlendu bergi brotið og verkefni fyrir nýja íbúa hér á Íslandi, blakhópa á öllum aldri, verkefni fyrir iðkendur í eldri kantinum og þá sem fram til þessa hafa horft fram hjá skipulögðu íþrótt- og æskulýsstarfi en hafa fundið sig í rafiþróttum hjá Þrótti.

### Björn Bjarndal Jónsson, fyrrverandi formaður UMFÍ og heiðursfélagi

Björn hóf sitt ávarp á að segja „velkomin heim“, enda Björn fæddur hér og uppalinn, auk þess að hafa búið hér í um 40 ár. Hann minntist Landsmótsins sem hér var haldið 1940, fyrir sína tíð, og ræðumönnum fyrri tíma. Björn fjallaði einnig um mikilvægi þess að hreyfingin verði aldrei bara íþróttahreyfing, heldur er svo margt annað sem skiptir líka máli.

Þróttur var fyrsta félagið á landinu til að bjóða upp á æfingar í göngufótbolta fyrir þau sem hætt eru hefðbundnum fótbolta og þeim sem eiga erfitt með hlaup. Þá hefur félagið einnig verið með sérstakan æfingahóp fyrir flóttafólk og sérstakt old boys verkefni sem stuðlar einnig að þátttöku sjálfbóðaliða hjá félaginu.

Þróttarar eru til fyrirmyndar og hvetjum við félagsmenn til góðra verka og velgengni.

Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR, veitti viðurkenningunni viðtöku.

#### ÍBH / HAUKAR

Eftirfarandi texti fylgdi tilnefningunni:

Haukar í Hafnarfirði hafa vakið athygli víða á ungum iðkendum í körfubolta í hópi Special Olympics. Verkefnið byrjaði afar smátt og fámennt fyrir iðkendur með sérþarfir hjá Haukum. Það hefur sprungið út síðan þá og verið til fyrirmyndar.

Haukar hafa með framúrskarandi hætti fundið lausnir og leiðir til að tryggja að iðkendur fái tækifæri á mótum og viðburðum félagsins. Haukarnir sýna með verkefninu að íþróttir eru fyrir alla og alltaf hægt að finna leiðir svo sem flestir geti stundað þær íþróttagreinar sem fólk hefur áhuga á.

Við hjá UMFÍ hvetjum Hauka áfram til góðra verka og velgengni verkefnisins. Verðlaunin eru veitt Haukum fyrir að setja á fót og fylgja eftir starfi körfuknattleiksdeildar Hauka – Special Olympics.

Hrafnkell Marinósson, formaður ÍBH, veitti viðurkenningunni viðtöku.

## GULLMERKI

### Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson HSH

Eftirfarandi texti fylgdi tilnefningunni:

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson hefur verið sjálfboðaliði í íþrótt- og ungmennafélagshreyfingunni frá árinu 1994. Hann gerði eins og við mörg og byrjaði á því að fylgja börnum sínum íþróttastarfi. Það leiddi hann í stjórnarstörf. Eins og Hjörleifur sagði nýverið í viðtali í Skínfaxa þá gefur það honum mikið að láta gott af sér leiða. Hann kann líka þann galdur að dreifa álagi starfsins á fleiri herðar en sínar eigin. Hjörleifur hefur eins og sannur sjálfboðaliði gegnt mörgum mismunandi störfum innan stjórnar Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu og er nú formaður þess. Hann var jafnframt formaður Landsmótsnefndar UMFÍ 50+ þegar mótið var haldið í Stykkishólmi í sumar. Án þess að ætlunin sé að halla á nokkurn mann þá er Hjörleifur ein af traustari stoðum hreyfingarinnar. Sannkölluð fyrirmynd.

### Garðar Svansson HSH

Eftirfarandi texti fylgdi tilnefningunni:

Við þekkjum öll Garðar Svansson. Hann hefur eins og Hjörleifur Kristinn gegnt mörgum störfum innan stjórnar Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu. Garðar gefur og gefur af sér. Hann hefur setið í allskonar sætum í stjórnunum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og flakkað um allar koppagrundir sem bæði fulltrúi UMFÍ og ÍSÍ á þingum og fundum sambandsaðila okkar og er ötull málsvari hreyfingarinnar. Oftar en ekki hefur Garðar farið á fundi og þing til að veita ýmis merki. En nú er komið að honum.

### Gissur Jónsson HSK

Eftirfarandi texti fylgdi tilnefningunni:

Hornfirðingurinn Gissur Jónsson kemur frá sambandssvæði Ungmennasambandsins Úlfjóts. Leið hann hefur alla tíð legið meðfram suðurströndinni og hefur hann verið öflugur liðsfélagi hjá ungmennafélögum í suðurkjördæmi.

Gissur var kröftugur félagsmaður í knattspyrnu-deild Selfoss og haldið þar um mikið starf, svo sem getraunastarf Selfoss. Hann hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Ungmennafélags Selfoss,

hann tók sæti í varastjórn UMFÍ á sambandsþingi fyrir fjórum árum og tekið þar virkan þátt í starfi hreyfingarinnar, setið í framkvæmdanefnd um Unglingalandsmót UMFÍ þegar það var haldið á Selfossi sumarið 2022 og reynst afar dýrmætur bakhjarl í öllu starfi íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar.

### Lárus B. Lárusson UMSK

Eftirfarandi texti fylgdi tilnefningunni:

Það er ekki á hreinu hvort flugstjórinn Lárus B. Lárusson eigi að nefna Garðbæing eða Seltirning. En það skiptir svo sem ekki öllu því hann er á sambandssvæði Ungmennasambands Kjalarnesþings. Lárus er sannkallaður félagsmálamaður og kemur sér í stjórnir hvar sem hann er niður kominn. Lárus var í bæjarstjórn Seltjarnarness, sinnt uppbyggingu á íþróttastarfi sem formaður íþrótt- og tómstundaráðs og leiddi undirbúningshóp um stækkun fimleikahúss bæjarins. Þá er nú fátt nefnt.

Lárus hefur fest sig verulega í sessi á Seltjarnarnesi og unnið gott og óeigingjarnt starf í stjórn barna- og unglingaráðs handknattleiksdeildar Gróttu um árabil. Hann tók sæti í stjórn UMSK árið 2014 og í stjórn UMFÍ árið 2017.

Lárus er úrræðagóður og býr yfir þeim hæfileika að geta horft á málin frá nokkrum sjónarhornum. En hann er fastur fyrir þegar þess er þörf og eru þar flugstjórnarhæfileikarnir vel nýttir.

## HEIÐURSFÉLAGAR

### Haukur Valtýsson ÍBA

Eftirfarandi texti fylgdi tilnefningunni:

Hauk Valtýsson úr Fnjóskadal hljóta flestir að þekja í íþrótt- og ungmennafélagshreyfingunni. Íþróttiferill Hauks hófst hjá Héraðssambandi Þingeyinga en þar keppti hann í glímu á árunum 1971-1976 og varð íslandsmeistari einu sinni. Haukur er reyndar þekktari sem blakmaður og hefur leikið um 1200 leiki í meistaraflokki með Íþróttafélagi Menntaskólans á Akureyri, Íþróttafélagi stúdenta og Knattspyrnufélagi Akureyrar.

Haukur keppti fyrir menntaskólaliðið á árunum 1973-1977 en á þeim tíma var það eitt af aðildarfélögum Íþróttabandalags Akureyrar, með Íþróttafélagi stúdenta landaði hann tveimur

bikarmeistaratitlum. Haukur bætti við tveimur Íslandsmeistaratitlum með KA og fleiri titlum eftir því sem árunum fjölgaði. Að auki lék hann 27 landsleiki í blaki. Haukur þjálfaði líka nokkur blaklið Akureyringa í gegnum tíðina auk þess að vera öflugur á mótum öldunga í blaki.

Haukur er jafn öflugur innan vallar sem utan. Hann hefur látið til sín taka á félagsstörfum, var kosinn í varastjórn Íþróttabandalags Akureyrar árið 2009 og sinnti þar störfum samhliða því að taka sæti í stjórn UMFÍ. Þar var hann varaformaður árin 2011 til 2015 og formaður eftir það til ársins 2021 þegar hann ákvað að gefa ekki kost á sér áfram. Á sama tíma sat hann í fjölda nefnda, m.a. í framkvæmdastjórn UMFÍ, móta- nefndum, nefnd um inngöngu íþróttabandalaga að UMFÍ, nefnd um skiptingu fjármagns til UMFÍ og mörgum fleirum.

Það vill svo til að margir góðir hlutir gerast þar sem Haukur er hverju sinni. Sem dæmi má nefna að hann sat í byggingarnefnd Bogans á Akureyri, var í undirbúningsnefnd vegna byggingar nýrrar aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir og skilaði sér í nýjum fjölnotavelli á svæði Þórs og svo má lengi telja.

Í formannstíð Hauks hjá UMFÍ voru líka tekin þau stórmerkilegu og reyndar sögulegu skref að aðildarumsókn íþróttabandalags Akureyrar, Íþróttabandalags Reykjavíkur og Íþróttabandalags Akraness inn í UMFÍ var samþykkt. Það gerðist eftir tilraunir í áratugi.

Þótt Haukur hafi stigið til hliðar sem formaður UMFÍ fyrir tveimur árum þá hefur hann ekki sest í helgan stein til að njóta norðlenskrar sólar. Þvert á móti heldur hann áfram félagsstörfum sínum og tekur hann þátt í mörgum verkum íþróttahreyfingarinnar, mætir á fjölmarga viðburði og situr fyrir hönd UMFÍ í Íþróttanefnd ríkisins.

Á síðasta sambandsþingi UMFÍ var Haukur heiðraður með gullmerki UMFÍ. Þar var hann reyndar hlaðinn lofi og viðurkenningum, heiðraður með gullmerki ÍSÍ og heiðursskyldi UMSK.

Frá þinginu á Húsavík árið 2021 hefur Haukur verið gerður að heiðursfélaga ÍBA.

Nú bætist enn í bunkann því Haukur verður hér gerður að heiðursfélaga UMFÍ.

Haukur þakkaði kærlega fyrir sig og minnti á það hvað félagsauðurinn er mikilvægur öllum félögum.

## Guðmundur Kr. Jónsson HSK

Eftirfarandi texti fylgdi tilnefningunni:

Guðmundur Kr. Jónsson hjá Ungmennafélagi Selfoss er birtingarmynd íþróttar.

Guðmundur hóf ungur að iðka frjálsar íþróttir og varð afburða spretthlaupari og stökkvari. Hann vann mörg glæst afrek bæði á héraðs- og landsvísu og var meðal annars stigahæsti keppandinn í karlaflokki á Landsmótinu fræga á Laugarvatni árið 1965. Móti sem er útgangspunktur allra góðra móta í sögu UMFÍ.

Guðmundur varð snemma mjög öflugur félagsmálamaður og tók virkan þátt í öllu starfi Ungmennafélags Selfoss, hann varð reyndar virkari ef starfið fól í sér hreyfingu og hlaup. Hann hefur verið formaður Ungmennafélags Selfoss frá 2014 til 2017, formaður frjálsíþróttadeildarinnar í næstum áratug, verið vallarstjóra og framkvæmdastjóri.

Það heitir að vera á öllum póstum.

En Guðmundur hefur líka starfað ofar í hreyfingunni. Hann var kosinn formaður HSK árið 1981 og hélt um stjórnartaumana í átta ár með miklum myndarskap. Hann var líka í aðalstjórn ÍSÍ í tvö ár.

Guðmundur Kr. tekur enn virkan þátt í störfum sambandsins. Oft er leitað til hans sem þular á frjálsíþróttamótum HSK enda röggSAMUR og vel til forystu fallinn – og svo er það auðvitað rödd og stíll.

Í bókinni HSK í 100 er fjallað um Guðmund Kr. Þar segir að á engan sé hallað þótt hann sé talinn einn af dugmestu og starfsömustu foringjum Héraðssambandsins Skarphéðins.

Það rammur inn störf Guðmundar Kr.

En af ofansögðu ætti auðvitað að vera sérstakur kafli um hann í næstu útgáfu bókarinnar.

Guðmundur hefur fengið viðurkenningar fyrir margháttuð störf sín fyrir hreyfinguna í áratugi. Þar á meðal er gullmerki HSK, hann var gerður að heiðursformanni HSK árið 2018 og er sá þriðji í sögu sambandsins til að hljóta þá heiðursnafnbót. Hinir eru Jóhannes Sigmundsson og Sigurður

Greipsson, sem einmitt tók við formennsku í HSK fyrir 101 ári síðan og stofnaði íþróttaskólann sem þetta hótél er reist í kringum.

Hann hefur hlotið allar æðstu viðurkenningar ÍSÍ, gullmerki og heiðurskross og er heiðursfélagi.

Guðmundur fékk starfsmerki UMFÍ árið 1979 og var sæmdur gullmerki UMFÍ 2010.

Nú bætist ein ný í safnið.

Guðmundur Kr. er nýjasti heiðursfélagi UMFÍ ásamt Hauki Valtýssyni.

Hann er vel að þessu kominn og óskum við honum allra heilla.

Guðmundur Kr. þakkaði kærlega fyrir sig. Hann nefndi m.a. að fyrst starfandi er svo öflugt Ungmennaráð UMFÍ sem raun ber vitni, væri ekki ráð að hafa líka einskonar „eldri borgara ráð“.

Þingforsetar minntu þingheim á keppni um matmann þingsins. Samkvæmt reglugerð eru það þingforseti, formaður HSK og matmaður síðasta sambandsþings sem velja matmann þingsins. Þau tilkynntu svo um hlé á þingstörfum og kynntu Sigurð Guðmundsson, forstöðumann skólabúða til leiks. Hann stýrir dagskrá hátíðarkvöldverðar.

**Þingi frestað kl. 20:00**

## HÁTÍÐARKVÖLDVERÐUR OG SKEMMTUN

### TÓNLISTARATRÍÐI

Harmonikkudúettinn Bara við með þeim Höllu Hrund Logadóttur og Örnunni Frímansdóttur spila undir borðhaldi og létta fólki lundina.

### LEIKUR

Harmonikkudúettinn Bara við með þeim Höllu Hrund Logadóttur og Örnunni Frímansdóttur spila undir borðhaldi og létta fólki lundina.

### TÓNLISTARATRÍÐI

Hljómsveitin Sverrissynir spila fyrir þingfulltrúa og gesti.

**Þingi fram haldið kl. 09:45, laugardaginn 21. október**

## KYNNING Á SKIPULAGI ÍÞRÓTTAMÁLA

Íþróttir til framtíðar: Vésteinn Hafsteinsson, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu og Guðmunda Ólafsdóttir, varastjórn UMFÍ kynntu. Þau sitja bæði í starfshópi í ráðuneytinu varðandi þessi mál. 20. nóvember nk. verður haldin ráðstefna þar sem rætt verður um skipulag íþróttamála til 2032.

Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir UÍF, benti á að nauðsynlegt er að ráðstefnan yrði einnig í boði í streymi. Því var svarað á þann hátt að skráning er þegar hafin og boðið verður upp á streymi.

Kristín Thorberg UMSE, spurði hvort Vésteini þætti íþróttahreyfingin vera að vinna að sjálfbærni. Vésteinn svaraði því að það væri margt gott, en margt megi líka bæta.

Kristín spurði aftur hvort íþróttahreyfingin væri tilbúin fyrir farsældarlögin, þ.e. að bæði væri unnið að farsæld barna og farsæld foreldra.

Snjólaug Jónsdóttir USAH spurði hvernig finna eigi unga efnilega krakka á landsbyggðinni? Vésteinn svaraði því að þar léku íþróttáþjálfarar og -kennarar lykilhlutverki.

## KJÖRBRÉFANEFND SKILAR ÁLITI

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörbréf bárust frá 27 sambandsaðilum. Þingfulltrúar á kjörbréfum eru 111 af 127. 105 eru mættir. Nafnalista er að finna aftast í þinggerðinni.

Þingforseti bar kjörbréfin upp til samþykktar. Þau voru samþykkt samhljóða.

## SKÝRSLA STJÓRNAR FRAMHALD OG ÁRSREIKNINGUR

Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, fór yfir ársreikning UMFÍ 2022, sem endurskoðaðir eru af BDO endurskoðunarskrifstofu. Hjá honum kom fram að rekstrarniðurstaða sýndi tekjur umfram gjöld upp á 136.979.347 kr. Eigið fé og skuldir eru 679.230.705 kr. Handbært fé í lok árs er 371.353.744 kr. Eiginfjárlutfall er 82% og veltufjárlutfall 3,56.

Guðmundur gat um breytingar sem urðu þegar UMFÍ tók að sér rekstur Ungmenna- og tómstundabúða í Reykjaskóla í Hrótafirði en þær breytingar höfðu kostnað í för með sér. Sigtún 42 var selt og flutt í Íþróttamiðstöðina í Laugardal. Hagnaðurinn af rekstri er að stórum hluta kemur til vegna sölu á Sigtúni 32.

## UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG ÁRSREIKNING

Engilbert Olgeirsson HSK, bauð þingfulltrúa velkomna á sambandsvæði HSK. Hann sagði frá bók um Sigurð Greipsson og Haukadalsskólann, sem gefin var út 1997. Þingfulltrúum er velkomið að hafa með sér eintak. Hann þakkaði fyrir skýrslu stjórnar og minnst á þau tíðindi að UMFÍ sé í raun skuldlaust. Hann fjallaði um Unglingalandsmót sem haldið var á Selfossi 2022 og hvatti sambandsaðila til að sækja um mótið 2025. Hann ræddi einnig um vankanta þess skráningarkerfis sem nú er verið að nota, þ.e. Skilakerfisins. Hreyfingin er að stækka, Engilbert bauð ÍBH velkomna í hreyfinguna. Hann þakkaði fyrir frábært innlegg frá Ungmennaráði í gærkvöldi og hvetur þingheim til að mæta á Ungt fólk og lýðræði. HSK greiddi þátttökugjald sinna fulltrúa á síðustu ráðstefnu.

Helgi S. Haraldsson HSK, þakkar fyrir skýrslu stjórnar og reikninga og stjórninni fyrir að stjórna hreyfingunni síðustu tvö ár. Þakkaði ráðherra fyrir hlý orð í gær og vonar að einhver hafi tekið ræðu hans upp. Íþróttahreyfingin er í dauðafæri að koma fram gagnvart ríkisvaldinu að fá viðurkenningu á því sem verið er að gera og meira fjármagn inn í hreyfinguna. Það er alltaf farsæla að koma saman og biðja um fé, en að koma í sitthvoru lagi.

Bjarney L. Bjarnadóttir UMSB, vonar innilega að tillaga um breytingu á lottófé verði samþykkt á eftir. Samtal milli sambandsaðila, sérstaklega starfsfólks sambandsaðila, er mjög mikilvægt og þar geta svæðaskrifstofurnar gegnt lykilhlutverki.

Kristín Thorberg UMSE, þakkar stjórn fyrir gott starf undanfarið kjörtímabil. Kom inn á farsældarlögin, sem ríki, sveitarfélögin o.fl. verði að vinna eftir.

Anna Karólína Vilhjálmssdóttir, Íþróttasambandi fatlaðra, talaði í nafni Special Olympics á Íslandi og ÍF, en líka á persónulegum nótum. Hún sér alls ekki eftir að hafa fengið Valdimar Gunnarsson í verkefnið Allir með. Sögulega hefur gengið illa að virkja félög og þjálfara, en nú eru hlutirnir að gerast. Hún minnst þings FSÍ 1999 þar sem Anna R. Möller var beðin um að finna þjálfara sem væri til í að fara í þetta með þeim. Það gekk mjög vel, en Auður Inga Þorsteinsdóttir, steig fram og var sá þjálfari. Anna Karólína veitti Auði verðlaunapening sem þakklætisvott fyrir sinn þátt í fífleikahreyfingunni á Íslandi.

Ársreikningur UMFÍ 2022 borinn upp til samþykktar, samþykktur samhljóða.

# MÁL LÖGÐ FYRIR ÞINGIÐ

Þingforseti tilkynnti að þrjár nefndir yrðu starfandi á þinginu, Allsherjarnefnd, Laga og skipulagsnefnd og Fjárhagsnefnd. Þingforseti las síðan upp númer og heiti tillagnanna og í hvaða nefndir tillögurnar myndu fara.

## ÞINGSKJAL NR. 1

### FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

#### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2024.

#### HEILDARYFIRLIT UM REKSTUR 2024

	Áætlun 2024	Áætlun 2023	Raun 2022
<strong>REKSTRARTEKJUR</strong>			
Ríkisframlag .....	133.522.000	129.000.000	132.200.000
Lottó og Getraunir .....	306.000.000	268.000.000	358.133.349
Aðrar tekjur .....	244.542.250	292.891.000	229.775.458
Söluhagnaður fasteignar .....	0	0	161.036.140
	<u>684.064.250</u>	<u>689.891.000</u>	<u>881.144.947</u>
<strong>REKSTRARGJÖLD</strong>			
Laun og launatengd gjöld .....	203.361.591	211.053.514	166.313.720
Lottó til sambandsaðila .....	237.000.000	208.560.000	278.185.346
Annar rekstrarkostnaður .....	215.731.333	245.219.985	281.785.417
Veittir styrkir .....	26.700.000	20.300.000	27.774.210
Afskriftir .....	1.200.000	1.200.000	1.620.500
	<u>683.992.925</u>	<u>686.333.499</u>	<u>755.679.193</u>
<strong>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</strong>	<strong>71.325</strong>	<strong>3.557.501</strong>	<strong>125.465.754</strong>
<strong>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD</strong>			
Fjármagnstekjur .....	9.500.000	9.260.000	12.413.463
Fjármagnsgjöld .....	-1.200.000	-1.200.000	-899.870
	<u>8.300.000</u>	<u>8.060.000</u>	<u>11.513.593</u>
<strong>Rekstrarniðurstaða ársins</strong>	<strong>8.371.325</strong>	<strong>11.617.501</strong>	<strong>136.979.347</strong>

Vísað til allsherjarnefndar

## HEILDARYFIRLIT UM REKSTUR 2024

	Heild	Aðalsjóður	Skólabúðir á Reykjum	Mótahald	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis-sjóður
<b>REKSTRARTEKJUR</b>						
Ríkisframlag .....	133.522.000	126.322.000		7.200.000		
Lottó og getraunir .....	306.000.000	285.000.000			21.000.000	
Aðrar tekjur .....	244.542.250	28.475.000	192.617.250	22.250.000		1.200.000
	<b>684.064.250</b>	<b>439.797.000</b>	<b>192.617.250</b>	<b>29.450.000</b>	<b>21.000.000</b>	<b>1.200.000</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	203.361.591	111.356.634	84.804.958	7.200.000		
Lottó til sambandsaðila .....	237.000.000	237.000.000				
Annar rekstrarkostnaður .....	215.731.333	84.252.144	104.204.189	26.800.000	450.000	25.000
Veittir styrkir .....	26.700.000	5.700.000			20.000.000	1.000.000
Afskriftir .....	1.200.000	1.200.000				
	<b>683.992.925</b>	<b>439.508.778</b>	<b>189.009.147</b>	<b>34.000.000</b>	<b>20.450.000</b>	<b>1.025.000</b>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnslíða</b>	<b>71.325</b>	<b>288.222</b>	<b>3.608.103</b>	<b>-4.550.000</b>	<b>550.000</b>	<b>175.000</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)</b>						
Fjármunatekjur .....	9.500.000	9.000.000			350.000	150.000
Fjármagnsgjöld .....	-1.200.000	-1.200.000				
	<b>8.300.000</b>	<b>7.800.000</b>			<b>350.000</b>	<b>150.000</b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>8.371.325</b>	<b>8.088.222</b>	<b>3.608.103</b>	<b>-4.550.000</b>	<b>900.000</b>	<b>325.000</b>

Viðauki til allsherjarnefndar

## ÞINGSKJAL NR. 2

# ÞAKKARTILLAGUR

## TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, verndara hreyfingarinnar, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og sérstaklega fyrir verkefni forsetahlaup og forvarnardag Forseta Íslands.
- Ráðherra mennta- og barnamála, ríkisstjórn og Alþingi, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga íþrótta- og æskulýðsstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.
- Ásmundi Einari Daðasyni, mennta- og barnamálaráðherra, Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra ásamt starfsfólki þessara ráðuneyta, ÍSÍ og ÍF þakkir fyrir stuðning við samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF; farsælt samfélag fyrir öll, brúum bilið.
- Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, stjórn og starfsfólki, þakkir fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf. Sérstakar þakkir eru veittar fyrir góðar móttökur í nýjum höfuðstöðvum UMFÍ að Engjavegi. Þá hvetur Sambandsþing UMFÍ til áframhaldandi aukins samstarfs á komandi árum.
- Stjórn og starfsfólki Íslenskrar Getspár og getrauna, þakkir fyrir góð störf, úthlutanir sem og aukaúthlutanir frá fyrirtækjunum til eignaraðila.
- Fulltrúum UMSS og sveitarfélagsins Skagafjarðar, þakkir fyrir góð störf í undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmót UMFÍ 2023.
- Fulltrúum HSH og sveitarfélagsins Stykkishólms, þakkir fyrir góð störf í undirbúningsnefnd fyrir landsmót UMFÍ 50+.
- Fulltrúum HHF og ungmennafélagsins Aftureldingar, þakkir fyrir góð störf í undirbúningi íþróttaveislu UMFÍ 2023; forsetahlaupi og drulluhlaupi.
- Æskulýðsvettvangnum og þeim samtökum sem mynda samstarfsvettvanginn; Bandalagi íslenskra skáta, KFUM&K, Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, þakkir fyrir vel unnin störf, góða samvinnu og hvatningu til áframhaldandi góðra verka.
- Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, þakkir fyrir gott samstarf á árinu og hvatningu til þess að halda áfram vinnu um samræmingu viðbragðsáætla.

Vísað til allsherjarnefndar



### ÞINGSKJAL NR. 3

## HVATNINGARTILLÖGUR TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi til sambandsaðila:

- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 25. Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi 2024.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 13. Landsmót UMFÍ 50+ í Vogum á Vatnsleysuströnd 2024.
- Hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum Rannís (Erasmus) til að efla starfið á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér starfsemi samskiptaráðgjafa fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf og þá sérstaklega samræmda viðbragðsáætlun fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf.

Vísað til allsherjarnefndar

### ÞINGSKJAL NR. 4

## ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að efla íþrótta- og æskulýðsstarf með því að efla íþróttahéruð og nýta betur krafta íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar til lýðheilsuverkefna á landsvísu.

Vísað til allsherjarnefndar

### ÞINGSKJAL NR. 5

## FARSÆLT SAMFÉLAG FYRIR ÖLL, BRÚUM BILIÐ TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að hvetja íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna, til markviss samstarfs um verkefnið „Farsælt samfélag fyrir öll - brúum bilið“, sem miðar að því að efla íþróttaástandun fatlaðs fólks, ekki síst fatlaðra barna og ungmenna.

Vísað til allsherjarnefndar

## ÞINGSKJAL NR. 6

### ÍSLENSKAR GETRAUNIR TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að grípa til aðgerða til að loka á auglýsingar og starfsemi erlendra spilafyrirtækja sem ekki hafa leyfi til starfsemi hér á landi.

#### Greinargerð

Íslenskar getraunir eru eina fyrirtækið á Íslandi sem hafa starfsleyfi í þessum geira. Engu að síður er fjöldi erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi og auglýsa starfsemi sína. Ágóði af rekstri Íslenskra getrauna fer til aðildarféлага ÍSÍ og UMFÍ. Á hinn bóginn fer ágóði erlendra spilafyrirtækja allur úr landi og talið er að þær upphæðir skipti milljörðum króna á ári hverju.

Vísað til fjárhagsnefndar

## ÞINGSKJAL NR. 7

### ENDURSKOÐUNARFÉLAG TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að BDO ehf. sjái um endurskoðun UMFÍ fyrir árið 2023.

#### Greinargerð

Tillagan er lögð fram í samræmi við 9. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að á meðal verkefna þings sé að kjósa endurskoðunarfélag samtakanna.

Vísað til fjárhagsnefndar

## ÞINGSKJAL NR. 8

### ÁRGJALD TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að innheimta ekki árgjald af skattskyldum félögum árið 2023.

#### Greinargerð

Tillagan er lögð fram í samræmi við 7. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að meðal verkefna þings sé að ákveða árgjald sambandaðila og aðildarfélaga.

Vísað til fjárhagsnefndar

## ÞINGSKJAL NR. 9

### ÍPRÓTTAHERUÐ

#### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að UMFÍ, í samráði við ÍSÍ og ípróttahéruðin, vinni að því að setja á laggirnar starfsstöðvar um landið, til stuðnings ípróttahéruðum landsins. Verkefnið feli hvorki í sér breytingu á lýðræðislegri skiptingu ípróttahéraða né breytingar á atkvæðaskiptingu á þingum ÍSÍ og UMFÍ. Skilyrði fyrir slíkum starfsstöðvum er að hægt verði að tryggja fjárstuðning frá ríkinu til verkefnisins, með hliðsjón af svæðisskiptum verkefnum ríkisins sem falla vel með verkefnum og skyldum ípróttahreyfingarinnar.

Vísað til laga- og skipulagsnefndar

## ÞINGSKJAL NR. 10

### REGLUGERÐ UM LOTTÓ OG LOTTÓÚTHLUTANIR

#### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir.

Greinargerð:

Á sambandsþingi UMFÍ 2019 var aðild ípróttabandalaga að UMFÍ samþykkt. Í tengslum við aðildina var samþykkt eftirfarandi breyting á reglugerð um lottó.

VII. Nýir sambandsaðilar. Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandaaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

Á sambandsþingi UMFÍ 2021 var stjórn falið að vinna að sameiginlegum tillögum með ÍSÍ og leggja fram á þingi 2023.

Nefndir á vegum UMFÍ og ÍSÍ hafa í framhaldinu komist að sameiginlegri niðurstöðu og lagt fram tillögur að sambærilegum úthlutunarreglum ÍSÍ og UMFÍ til ípróttahéraða.

Reglur UMFÍ um lottó og lottóúthlutanir sem hér eru lagðar fram breytingar á eru í samræmi við bókunina á þingi UMFÍ 2023. Tillagan hefur verið lögð fram og samþykkt samhljóða á þingi ÍSÍ sem fram fór í maí 2023.

Tillagan er háð því að það náist samningar á milli UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvalda.

Yfirstrikaður texti er það sem dettur út úr reglugerðinni og skáletraður texti er nýr.

## LOTTÓREGLUR OG LOTTÓÚTHLUTANIR

### I. Skipting lottótekna UMFÍ

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

### II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:

15% til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða.

85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs.

### III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hluttur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

Einn hluttur: héraðssambönd.

30% af hlut: Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFÞ og UFA.

10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji

### III. Regla vegna skiptingar til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða

Úthlutun á hluta til reksturs svæðisskrifstofa er ekki háð skilyrðum.

### IV. Regla vegna skiptingar til sambandsaðila

Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs til sambandsaðila er að fulltrúi þeirra hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hluttur þeirra sem mæta ekki skerðist og er hlutfall ákvarðað af stjórn UMFÍ og kynnt með fundarboði. Stjórn UMFÍ er einnig heimilt að víkja frá skerðingum vegna mætingar komi upp óvænt og ófyrirséð atvik (t.d. veður eða óhöpp).

Eigi íþróttahérað ekki aðild að UMFÍ skal hluttur þess reiknaður í samræmi við reglurnar um íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs. Hlutdeild íþróttahéraðsins er deilt út til UMFÍ en áður skal taka tillit til þess að ef innan íþróttahéraðsins sé félag með beina aðild að UMFÍ þá fær viðkomandi félag fjárhæð sem nemur hlutdeild þess af iðkendum 18 ára og yngri innan íþróttahéraðsins skv. nýjustu starfsskýrsluskilum í skilakerfi íþróttahreyfingarinnar.

### IV. Regla vegna íbúafjölda

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

### V. Regla vegna félagsmannafjölda

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagaskrá sambandsaðila 31. desember árhvert.

## VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun til sambandsaðila

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla, sem hefur verið fryst í tvö ár, rennur í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðs-samband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

## VII. Nýir sambandsaðilar

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

## VIII. Um úthlutun

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

### Bráðabirgðaákvæði Fyrirvari

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

*Þessar breytingar taka gildi eftir að samningar nást við ríkisvaldið um að það leggi fram sambærilegan fjárhagslegan stuðning til svæðisskrifstofa íþróttahéraða, m.a. með vísan til farsældarlaga.*

*Fram til þess tíma gilda áður gildandi reglur. Hafi breytingin ekki komist til framkvæmda fyrir sambandsþing UMFÍ 2025, þá mun þingið taka afstöðu til framhalds málsins.*

Samþykkt á 531. Sambandsþingi UMFÍ 2019/2023 á Laugarbakka. Geysi í Haukadal.

Vísad til laga- og skipulagsnefndar

## ÞINGSKJAL NR. 11

# SÖLUANDVIRÐI SIGTÚNS 42

## TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að ráðstafa eftirstöðvum söluandvirðis Sigtúns 42 með stofnun tveggja sjóða; fjárfestingasjóðs og þrautavarsjóðs.

Greinargerð:

Á 52 sambandsþingi UMFÍ á Húsavík 2021 lagði stjórn UMFÍ fram eftirfarandi tillögu sem var samþykkt samhljóða.

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. – 17. október 2021 heimilar stjórn UMFÍ að selja húseign samtakanna að Sigtúni 42 ef ásættanlegt tilboð berst með vísan til fyrri samþykktar sambandsráðsfundar á Ísafirði þann 20. október 2018. Jafnframt er stjórn heimilað að kaupa nýtt húsnæði sem hentar starfsemi samtakanna. Auk þess er stjórn heimilt að taka á leigu húsnæði þangað til ásættanlegt húsnæði finnst.

Þeir fjármunir sem fást fyrir fasteign samtakanna skulu ávaxtaðir með kaupum á ríkisskuldabréfum.

Stjórn UMFÍ er ekki heimilt að ráðstafa söluandvirði Sigtúns 42 til annars en kaupa og endurbóta á framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi hreyfingarinnar.

Verði söluandvirði Sigtúns 42 hærra en nemur kaupverði nýs húsnæðis skal ákvörðun um ráðstöfun eftirstöðva tekin á Sambandsþingi eða Sambandsráðsfundi, eftir því hvort kemur fyrir.

Nú hefur fasteignin við Sigtún 42 verið seld og hluti þriðju hæðarinnar að Engjavegi 6 verið tekin á leigu af ÍSÍ. Aðstaðan er öll hin glæsilegasta eftir endurbætur á hæðinni. Leigusamningurinn er til 10 ára með útgönguákvæði eftir 5 ár. Því er það mat stjórnar UMFÍ að húsnæðismál hreyfingarinnar séu nú trygg til skamms og meðallangs tíma og rétt sé að þing ræði ráðstöfun og varðveislu söluandvirðis Sigtúns 42.

Hlutverk Þrautavarsjóðs er að verja UMFÍ fyrir umtalsverðum óvæntum og ófyrirséðum fjárhagslegum áföllum þannig að ekki komi til þess að draga þurfi úr starfsemi félagsins eða taka fé að láni vegna þeirra. Í sjálfu sér er nær ómögulegt að telja upp öll þau tilfelli þar sem reynt gæti á slíkan sjóð. Þó skal hér nefnt eitt dæmi, Í Covid faraldrinum þurfti að loka ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni og komu engar tekjur inn meðan að samkomutakmarkanir voru í gildi. Engu að síður þurfti að greiða starfsmönnum laun, leigusala þurfti að greiða leigu auk þess sem greiða þurfti fyrir hita og rafmagn í húsnæðinu. Þetta er dæmi um óvænt og ófyrirséð fjárhagslegt áfall. Þrautavarsjóður er eins og fram hefur komið hugsaður til að auka getu UMFÍ til að bregðast við kringumstæðum sem þessum án þess að það bitni á starfseminni eða að skuldsetja þurfi samtökin.

Hlutverk Fjárfestingarsjóðs er að fjárfesta í varanlegum rekstrarfjármunum til hagsbóta fyrir hreyfinguna og eflingar starfsemi UMFÍ. Í sjálfu sér gildir það sama um þennan sjóð að erfitt er að telja upp allar mögulegar sviðsmyndir þar sem hægt væri að nýta fé sjóðsins. Hugur stjórnar UMFÍ, sem leggur fram tillöguna, stendur þó til þess um sé að ræða stærri fjárfestingar s.s. fasteignir.

Í reglugerðum beggja sjóðanna kemur fram að óheimilt er að nýta fé þeirra til annars en fram kemur í 2.gr grein um tilgang þeirra sem og að setja fé þeirra til tryggingar vegna lántöku eða annarra viðskipta UMFÍ.

Fé sjóðanna skal ávaxtað á varfærin hátt. Það skal ávaxtað á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma, með bankainnistæðu, kaupum á ríkistryggðum verðbréfum eða hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum sem samanstanda af ríkistryggðum verðbréfum.

Með þessu fyrirkomulagi er öryggi metið hærra en möguleg ávöxtun. Í báðum tilfellum er lagt til að stjórn annist varðveislu sjóðanna milli þinga. Samhljóða ákvörðun stjórnar þurfi til að ganga megi á fé sjóðanna og skuli stjórn birta rökstuðning fyrir ákvörðun um að ganga á sjóðina í fundargerð.

Þetta fyrirkomulag er fyrst og fremst af praktískum ástæðum. Boða þarf til þings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og það er því bæði tímafrekt og kostnaðarsamt ef boða þyrfti til þings í hvert skipti sem ganga þyrfti á sjóðina. Eins getur það bara tekið of langan tíma ef kalla saman þyrfti þing t.d. ef ganga þyrfti á þrautavarasjóð vegna launagreiðslna starfsmanna.

Hins vegar er skýrt að þing hefur endanlegt vald yfir sjóðunum. Þing getur ákveðið að lækka fé í þrautavarasjóði eða hækka. Stjórn UMFÍ hefur ekki slíkt vald. Þing getur lagt fyrir stjórn að ráðast í tilgreindar fjárfestingar og nýta til þess fé fjárfestingarsjóðs.

Í báðum tilfellum getur þing ákveðið að slíta sjóðunum og í framhaldi ákveðið hvernig því fé sem í þeim kann þá að vera verði ráðstafað.

Stjórn UMFÍ leggur til að í Þrautavarasjóð verði lagðar 75 milljónir kr. og í Fjárfestingarsjóð 152 milljónir kr. Tillaga í þrautavarasjóð miðast við kostnað við rekstur UMFÍ í 6 mánuði. Tillaga í fjárfestingarsjóð er söluverð að frádregnu tillagi í þrautavarasjóð og kostnaði við innréttingar á Engjavegi 6.

Með samþykkt þessarar tillögu fellur úr gildi tillaga sú sem samþykkt var á 52. sambandsþingi um ráðstöfun söluandvirðis Sigtúns 42.

## REGLUGERÐ UM FJÁRFESTINGARSJÓÐ UMFÍ

### grein

#### Heiti sjóðsins, stofnun og varsla

Heiti sjóðsins er Fjárfestingarsjóður UMFÍ. Heimili og varnarþing sjóðsins er þjónustumiðstöð UMFÍ að Engjavegi 6, Reykjavík og er sjóðurinn í vörslu stjórnar UMFÍ.

### grein

#### Tilgangur sjóðsins

Hlutverk sjóðsins er að fjárfesta í varanlegum rekstrarfjármunum til hagsbóta fyrir hreyfinguna og eflingar starfsemi UMFÍ. Óheimilt er að nota fé sjóðsins til annars en fram kemur í þessari grein eða setja fé hans að öllu leyti eða hluta til tryggingar vegna annarra viðskipta UMFÍ og/eða lántöku.

### grein

#### Stofnframlag sjóðsins

Stofnfé sjóðsins er ákveðið af sambandsþingi og er það hluti af söluandvirði fasteignar UMFÍ að Sigtúni 42, Reykjavík.

**grein**  
**Ávöxtun sjóðsins og reikningsár**

Fé sjóðsins skal ávaxtað með hagkvæmum hætti á hverjum tíma, með bankainnistæðu, kaupum á ríkistryggðum verðbréfum eða hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum sem samanstanda af ríkistryggðum verðbréfum.

Fjármunum sjóðsins skal haldið aðgreindum frá öðrum fjármunum UMFÍ. Reikningar sjóðsins skulu vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda UMFÍ og birtir með sama hætti og aðrir reikningar UMFÍ.

**grein**  
**Sjóðstjórn og skipun hennar**

Stjórn UMFÍ eins og hún er skipuð á hverjum tíma fer með varðveislu sjóðsins. Dagleg umsýsla er í höndum framkvæmdastjóra.

**grein**  
**Úthlutunarreglur og staða sjóðsins**

Stjórn UMFÍ tekur ákvörðun um nýtingu fjármuna sjóðsins sbr. 2. gr. Ákvörðun stjórnar skal vera samhljóða. Rökstuðning fyrir ákvörðuninni skal stjórn birta í fundargerð stjórnar.

Stjórn UMFÍ skal árlega gera grein fyrir stöðu sjóðsins á sambandsþingi eða sambandsráðsfundi.

Sambandsþing getur lagt fyrir stjórn að nýta fé sjóðsins að öllu leyti eða að hluta til tilgreindra fjárfestinga.

Sambandsþing tekur ákvörðun um slit sjóðsins og ráðstöfun þeirra fjármuna sem í honum kunna þá að vera. Sambandsþing eitt getur gert breytingar á reglugerð um sjóðinn.

Samþykkt á sambandsþingi UMFÍ 2023,  
Geysi, Haukadal

## **REGLUGERÐ UM ÞRAUTAVARASJÓÐ UMFÍ**

**grein**  
**Heiti sjóðsins, stofnun og varsla**

Heiti sjóðsins er Þrautavarasjóður UMFÍ. Heimili og varnarþing sjóðsins er þjónustumiðstöð UMFÍ að Engjavegi 6, Reykjavík og er sjóðurinn í vörslu stjórnar UMFÍ.

**grein**  
**Tilgangur sjóðsins**

Hlutverk sjóðsins er að verja UMFÍ fyrir umtalsverðum óvæntum og ófyrirséðum fjárhagslegum áföllum þannig að ekki komi til þess að draga þurfi úr starfsemi félagsins eða taka fé að láni vegna þeirra.

Óheimilt er að nota fé sjóðsins til annars en fram kemur í þessari grein eða setja fé hans að öllu leiti eða hluta til tryggingar vegna annarra viðskipta UMFÍ og/eða lántöku.



**grein**  
**Stofnframlag sjóðsins**

Stofnfé sjóðsins er ákveðið af sambandsþingi og er það hluti af söluandvirði fasteignar UMFÍ að Sigtúni 42, Reykjavík.

**grein**  
**Ávöxtun sjóðsins og reikningsár**

Fé sjóðsins skal ávaxtað með hagkvæmum hætti á hverjum tíma, með bankainnistæðu, kaupum á ríkistryggðum verðbréfum eða hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum sem samanstanda af ríkistryggðum verðbréfum.

Fjármunum sjóðsins skal haldið aðgreindum frá öðrum fjármunum UMFÍ. Reikningar sjóðsins skulu vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda UMFÍ og birtir með sama hætti og aðrir reikningar UMFÍ.

**grein**  
**Sjóðstjórn og skipun hennar**

Stjórn UMFÍ eins og hún er skipuð á hverjum tíma fer með varðveislu sjóðsins. Dagleg umsýsla er í höndum framkvæmdastjóra.

**grein**  
**Úthlutunarreglur og staða sjóðsins**

Stjórn UMFÍ tekur ákvörðun um að ganga á sjóðinn sbr. 2. gr. Ákvörðun stjórnar skal vera samhljóða. Rökstuðning fyrir ákvörðuninni skal stjórn birta í fundargerð stjórnar.

Stjórn UMFÍ skal árlega gera grein fyrir stöðu sjóðsins á sambandsþingi eða sambandsráðsfundi.

Einungis á sambandsþingi er hægt að taka ákvörðun um að lækka fjárhæð sjóðsins eða bæta við fjárhæðina. Sambandsþing tekur ákvörðun um slit sjóðsins eða breytingar á reglugerð um sjóðinn.

Samþykkt á sambandsþingi UMFÍ 2023  
Geysi, Haukadal

Vísað til fjárhagsnefndar

## ÞINGSKJAL NR. 12

### ÞRASTASKÓGUR

#### TILLAGA FRÁ STJÓRN HSK

53. Sambandsþing UMFÍ, haldið á Geysi í Haukadal dagana 20. - 22. október 2023, felur stjórn UMFÍ að rifta leigusamningi um útivistarsvæðið í Þrastaskógi og fá fjarlægðar óleyfisframkvæmdir þær sem leigutaki á svæðinu hefur farið í. Einnig að krefjast bóta til lagfæringar á þeim ummerkjum og því tjóni sem hann og starfsemi hans hefur valdið á svæðinu.

Álagning skipulagsyfirvalda í Grímsnes- og Grafningshreppi á dagsektum á UMFÍ sem landeiganda Þrastaskógar kemur til vegna óleyfisframkvæmda leigutaka sem hvorki hefur fengið lögbundin leyfi til framkvæmda hjá skipulagsyfirvöldum né fengið samþykki UMFÍ sem landeiganda eins og áskilið er í leigusamningi. Til viðbótar við synjun UMFÍ á umsóknum leigutaka um að leyfa framkvæmdir er álagningin sönnun þess að leigutaki hefur brotið ákvæði leigusamningsins.

#### Greinargerð

Þrastaskógur sem Tryggvi Gunnarsson gaf UMFÍ árið 1911 til skógræktar er ein af gróðurperlum landsins, geymir merka sögu skógræktar og sjálfböðastarfsemi ungmennafélaganna í landinu í áratugi. UMFÍ ber að viðhalda Þrastaskógi og gera þessa perlu aðgengilega fyrir útivist og fjölskyldusamveru. Nauðsynlegt er að viðhalda þessari perlu, bæði með grisjun á skóginum sjálfum og einnig að viðhalda og lagfæra útivistarsvæðið fyrir sunnan skóginn.

Helgi S. Haraldsson HSK, gerði grein fyrir tillögunni.

Vísað til allsherjanefndar

## ÞINGSKJAL NR. 14

### HEILSUEFLING ELÐRI BORGARA

#### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMSK

53. Sambandsþing UMFÍ, haldið á Geysi í Haukadal dagana 20. - 22. október 2023, skorar á sveitarfélög að styðja myndarlega við heilsueflingu eldri borgara. Hreyfing eldri borgara er mikilvægur þáttur í baráttunni fyrir bættri heilsu og því mikilvægt að vel sé að honum staðið.

Vísað til allsherjanefndar

Þingforseti greindi frá fyrirkomulagi nefndarstarfs. Laga- og skipulagsnefnd mun funda í þingsalnum, þar sem öllum þingfulltrúum verður gert mögulegt að taka þátt í nefndarstarfinu. Allsherjarnefnd og fjárhagsnefnd munu funda þegar Laga- og skipulagsnefnd hefur lokið sínum verkefnum.

## NEFNDARSTÖRF HEFJAST

### LAGA- OG SKIPULAGSNEFND

Staðsetning, þingsalur (öllum þingfulltrúum gafst kostur á að taka þátt í nefndarvinnunni)

Umsjón: Gunnar Þór Gestsson, UMSS og Gissur Jónsson, HSK

Starfsmaður: Sigurður Guðmundsson

**Hádegishlé kl. 12:30**

### ALLSHERJARNEFND

Staðsetning, matsalur/neðri hæð

Umsjón: Jón Karl Ólafsson, IBR

Starfsmaður: Ragnheiður Sigurðardóttir

### FJÁRHAGSNEFND

Staðsetning: í minni sal inn af matsal á neðri hæð

Umsjón: Guðríður Aadnegard, HSK

Starfsmaður: Iðunn Bragadóttir og

Einar Þ. Eyjólfsson

**Þingi fram haldið kl. 15:10**

# UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA MÁLA

## ÁLIT FRÁ ALLSHERJARNEFN

Jón Karl Ólafsson, formaður allsherjarnefndar, gerði grein fyrir áliti nefndarinnar.

### ÞINGSKJAL NR. 2

## ÞAKKARTILLÖGUR

### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, verndara hreyfingarinnar, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og sérstaklega fyrir verkefni forsetahlaup og forvarnardag Forseta Íslands.
- Ráðherra mennta- og barnamála, ríkisstjórn og Alþingi, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga íþróttá- og æskulýðsstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.
- Ásmundi Einari Daðasyni, mennta- og barnamálaráðherra, Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra ásamt starfsfólki þessara ráðuneyta, ÍSÍ og ÍF þakkir fyrir stuðning við samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF; farsælt samfélag fyrir öll, brúum bilið.
- Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, stjórn og starfsfólki, þakkir fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf. Sérstakar þakkir eru veittar fyrir góðar móttökur í nýjum höfuðstöðvum UMFÍ að Engjavegi. Þá hvetur Sambandsþing UMFÍ til áframhaldandi aukins samstarfs á komandi árum.
- Stjórn og starfsfólki Íslenskrar Getspár og getrauna, þakkir fyrir góð störf, úthlutanir sem og aukaúthlutanir frá fyrirtækjunum til eignaraðila.
- Fulltrúum UMSS og sveitarfélagsins Skagafjarðar, þakkir fyrir góð störf í undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmót UMFÍ 2023.
- Fulltrúum HSH og sveitarfélagsins Stykkishólms, þakkir fyrir góð störf í undirbúningsnefnd fyrir landsmót UMFÍ 50+.
- Fulltrúum HHF og ungmennafélagsins Aftureldingar, þakkir fyrir góð störf í undirbúningi íþróttaveislu UMFÍ 2023; forsetahlaupi og drulluhlaupi.
- Æskulýðsvettvangnum og þeim samtökum sem mynda samstarfsvettvanginn; Bandalagi íslenskra skáta, KFUM&K, Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, þakkir fyrir vel unnin störf, góða samvinnu og hvatningu til áframhaldandi góðra verka.
- Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, þakkir fyrir gott samstarf á árinu og hvatningu til þess að halda áfram vinnu um samræmingu viðbragðsáætlana.

Samþykkt samhljóða

### ÞINGSKJAL NR. 3

## HVATNINGARTILLÖGUR TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi til sambandsaðila:

- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 25. Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi 2024.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 13. Landsmót UMFÍ 50+ í Vogum á Vatnsleysuströnd 2024.
- Hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum Rannís (Erasmus) til að efla starfið á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér starfsemi samskiptaráðgjafa fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf og þá sérstaklega samræmda viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf.

Samþykkt samhljóða

### ÞINGSKJAL NR. 4

## ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að skora á stjórnvöld, ríki og sveitarfélög að efla íþrótt- og æskulýðsstarf með því að efla íþróttahéruð og nýta betur krafta íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar til lýðheilsuverkefna á landsvísu.

Samþykkt samhljóða

### ÞINGSKJAL NR. 5

## ALLIR MEÐ - FARSÆLT SAMFÉLAG FYRIR ÖLL, BRÚUM BILIÐ TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. Október 2023, samþykkir að hvetja íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna auk sveitarfélaga, til markviss samstarfs um verkefnið „Allir með, Farsælt samfélag fyrir öll - brúum bilið”, sem miðar að því að efla íþróttástandun fatlaðs fólks, ekki síst fatlaðra barna og ungmenna.

Samþykkt samhljóða

## ÞINGSKJAL NR. 12

### ÞRASTASKÓGUR

#### TILLAGA FRÁ STJÓRN HSK

53. Sambandsþing UMFÍ, haldið á Geysi í Haukadal dagana 20. - 22. október 2023, felur stjórn UMFÍ að rifta rekstrarsamningi dags. 14. mars 2014 um tjaldsvæði í Þrastaskógi og fá fjarlægðar óleyfisframkvæmdir þær sem leigutaki á svæðinu hefur farið í. Einnig að krefjast bóta til lagfæringar á þeim ummerkjum og því tjóni sem hann og starfsemi hans hefur og kann að valda á svæðinu.

#### Greinargerð

Þrastaskógur sem Tryggvi Gunnarsson gaf UMFÍ árið 1911 til skógræktar er ein af gróðurperlum landsins, geymir merka sögu skógræktar og sjálfböðastarfsemi ungmennafélaganna í landinu í áratugi. UMFÍ ber að viðhalda Þrastaskógi og gera þessa perlu aðgengilega fyrir útivist og fjölskyldusamveru. Nauðsynlegt er að viðhalda þessari perlu, bæði með grisjun á skóginum sjálfum og einnig að viðhalda og lagfæra útivistarsvæðið fyrir sunnan skóginn.

Stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins.

#### Samþykkt samhljóða

## ÞINGSKJAL NR. 13

### SKRÁNINGARKERFI

#### TILLAGA FRÁ STJÓRN HSP

53. Sambandsþing UMFÍ, haldið á Geysi í Haukadal dagana 20. - 22. október 2023, felur stjórn UMFÍ að beita sér fyrir því að innifalið í starfsskýrsluskilum aðildarféлага verði möguleikinn á því að halda utan um lifandi félagatal íþrótta- og ungmennaféлага með einföldum hætti. Taka samtal við notendur a.m.k. einu sinni á ári.

#### Greinargerð

„Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“ .. Nú þegar við höfum sagt skilið við Felix skráningarkerfið finnum við, a.m.k. minni íþrótta- og ungmennafélög, fyrir því að við höfum verið færð tugi ára aftur í tímann varðandi utanumhald félagatals. Áður var hægt að fletta upp í félagatali og uppfæra samtímis, finna núverandi heimilisföng skv. þjóðskrá ásamt fleiru. En nú á tölvuöld, þurfum við að finna aftur gömlu glósubækurnar og skrá nafn, kennitölu og heimilisföng samviskusamlega niður og fletta svo á milli blaðsíða þegar vantar upplýsingar. Þrátt fyrir að núverandi skráningarkerfi, Sportabler, bjóði upp á fjölmarga og frábæra möguleika, þá hentar það ekki allri starfsemi auk þess sem það kostar lítil félög einfaldlega of mikið að greiða grunngjaldið fyrir það eitt að geta haft rafrænt yfirlit yfir féлага. Okkur þætti það eðlilegt að það kostaði ekkert að hafa aðgang að því að halda úti félagatali, og þau félög sem það síðan kjósa geta keypt sér aukna þjónustu Sportabler, eða annarra aðila varðandi t.d. utanumhald iðkenda líkt og margir nýta sér í dag með Sportabler organiser og sportabler shop.

#### Stjórn HSP

Gunnar Þór Gestsson UMSS, upplýsti um að þessi vinna væri þegar farin af stað í nefnd hjá ÍSÍ og hvatti til þess að tillagan yrði samþykkt óbreytt.

#### Samþykkt samhljóða

#### ÞINGSKJAL NR. 14

### HEILSUEFLING ELDRI BORGARA TILLAGA FRÁ STJÓRN UMSK

53. Sambandsþing UMFÍ, haldið á Geysi í Haukadal dagana 20. - 22. október 2023, skorar á sveitarfélög að styðja myndarlega við heilsueflingu eldri borgara í samstarfi við íþróttahreyfinguna og nýta þá þekkingu sem er til staðar þar. Hreyfing eldri borgara er mikilvægur þáttur í baráttunni fyrir bættri heilsu og því mikilvægt að vel sé að honum staðið.

Samþykkt samhljóða

### TILLÖGUR FRÁ LAGA- OG SKIPULAGSNEFND

Gunnar Þór Gestsson formaður laga- og skipulagsnefndar, gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

#### ÞINGSKJAL NR. 9

### ÍPRÓTTAHÉRUÐ TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að UMFÍ, í samráði við ÍSÍ og íþróttahéruðin, vinni að því að setja á laggirnar 8 starfssvæði um landið, til stuðnings íþróttahéruðum landsins. Verkefnið feli hvorki í sér breytingu á lýðræðislegri skiptingu íþróttahéraða né breytingar á atkvæðaskiptingu á þingum ÍSÍ og UMFÍ. Skilyrði fyrir slíkum starfssvæðum er að hægt verði að tryggja fjárstuðning frá ríkinu til verkefnisins, með hliðsjón af svæðisskiptum verkefnum ríkisins sem falla vel með verkefnum og skyldum íþróttahreyfingarinnar.

Ingvar Sverrisson ÍBR, er sammála þessari tillögu og hvetur til þess að hún verði samþykkt. Hann sagði gott að UMFÍ og íþróttahéruðin stæðu nokkuð vel fjárhagslega, en ekki væri víst að félögin væru í þeim sömu sporum. Hann gagnrýndi að ríkið og sveitarfélögin virðast líta á íþróttahreyfinguna sem ákaflega vænlegan kost til að sinna ýmsum verkefnum fyrir afar lítinn pening. Hann hvatti loks til aðgæslu til að láta þetta ekki ganga of langt.

Samþykkt samhljóða

## ÞINGSKJAL NR. 10

# REGLUGERÐ UM LOTTÓ OG LOTTÓÚTHLUTANIR

## TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir.

### Greinargerð

Á sambandsþingi UMFÍ 2019 var aðild íþróttabandalaga að UMFÍ samþykkt. Í tengslum við aðildina var samþykkt eftirfarandi breyting á reglugerð um lottó.

VII. Nýir sambandsaðilar. Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

Á sambandsþingi UMFÍ 2021 var stjórn falið að vinna að sameiginlegum tillögum með ÍSÍ og leggja fram á þingi 2023.

Nefndir á vegum UMFÍ og ÍSÍ hafa í framhaldinu komist að sameiginlegri niðurstöðu og lagt fram tillögur að sambærilegum úthlutunarreglum ÍSÍ og UMFÍ til íþróttahéraða.

Reglur UMFÍ um lottó og lottóúthlutanir sem hér eru lagðar fram breytingar á eru í samræmi við bókunina á þingi UMFÍ 2023. Tillagan hefur verið lögð fram og samþykkt samhljóða á þingi ÍSÍ sem fram fór í maí 2023.

Tillagan er háð því að það náist samningar á milli UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvalda.

## LOTTÓREGLUR OG LOTTÓÚTHLUTANIR

### I. Skipting lottótekna UMFÍ:

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

### II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ:

Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:  
15% til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða.  
85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs.

### III. Regla vegna skiptingar til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða

Úthlutun á hluta til reksturs svæðisskrifstofa er ekki háð skilyrðum.

### IV. Regla vegna skiptingar til sambandsaðila

Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs til sambandsaðila er að fulltrúi þeirra hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hluttur þeirra sem mæta ekki skerðist og er hlutfall ákvarðað af stjórn UMFÍ og kynnt með fundarboði. Stjórn UMFÍ er einnig heimilt að víkja frá skerðingum vegna mætingar komi upp óvænt og ófyrirséð atvik (t.d. veður eða óhöpp).

Eigi íþróttahérað ekki aðild að UMFÍ skal hluttur þess reiknaður í samræmi við reglurnar um íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs. Hlutdeild íþróttahéraðsins er deilt út til UMFÍ en áður skal taka tillit til þess að ef innan íþróttahéraðsins sé félag með beina aðild að UMFÍ þá fær viðkomandi félag fjárhæð sem nemur hlutdeild þess af iðkendum



18 ára og yngri innan íþróttahéraðsins skv. nýjustu starfsskýrsluskilum í skilakerfi íþróttahreyfingarinnar.

## V. Um úthlutun

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

### Fyrirvari

Þessar breytingar taka gildi eftir að samningar nást við ríkisvaldið um að það leggi fram sambærilegan fjárhagslegan stuðning til svæðis-skrifstofa íþróttahéraða, m.a. með vísan til farsældarlaga nr. 86/2021. Fram til þess tíma gilda áðurgildandi reglur. Hafi samkomulag milli UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvalda ekki náðst fyrir sambandsþing UMFÍ 2025, skal sambandsþing þá taka afstöðu til framhalds málsins.

Nefndin lagði tillöguna fram með breytingum á fyrirvörum sem voru ræddir í nefndarstörfum.

**Jóhann Steinar Ingimundarson** formaður UMFÍ, ræddi um fyrirvara sem er fyrir reglugerðinni. Ríkið gerir almennt ekki samninga um fjárútlát nema þar sé fyrirvari um ákvörðun á fjárlögum. Hann setur því efasemdir við að talað sé um að lágmarki þrjú ár, því ef ríkið myndi ekki leggja fram nema tvö ár, myndi þetta ekki ganga upp. Hann lagði að lokum fram breytingartillögu um að fyrirvarinn yrði aftur eins og hann var í upphaflegu tillögunni.

**Gunnar Þór Gestsson UMSS**, er sammála Jóhanni um að UMFÍ þurfi að vera í takti við ÍSÍ. Hann lagði fram aðra breytingartillögu, sem felur í sér að Sambandsþing feli stjórn UMFÍ að meta hvenær skilyrðum er fullnægt og nýjar úthlutunarreglur muni taka gildi.

**Guðmundur G. Sigurbergsson UMSK**, styður tillögu Jóhanns, en telur að umræðan um þá tillögu sem um ræðir gefi stjórn ákveðnar leiðbeiningar um það hvernig viðbót Gunnars gæti virkað. Hann lagði til að laganúmer farsældarlaganna kæmi fram í ákvæðinu.

**Garðar Svansson HSH**, hefur lengi barist fyrir því að íþróttahéruðin geti sótt fjármagn á sama hátt og sérsambönd ÍSÍ geta. Hann hefur miklar væntingar til þess að þegar þessi niðurstaða liggur fyrir, þá sé komið fjármagn til framtíðar. Hann hefur ekki miklar áhyggjur af því að árafjöldi sé nefndur og hefur jafnframt miklar væntingar til þess að þegar verkefnið er farið af stað, muni það halda áfram.

**Einar Haraldsson Keflavík**, veltir fyrir sér breytingartillögu Gunnars Þórs. Honum finnst óþarfi að það sé tvisvar fjallað um hvenær skilyrðum sé fullnægt.

**Gunnar Þór Gestsson UMSS**, segir að hugmyndin hafi verið að stjórn UMFÍ gæti farið af stað með verkefnið, þó það sé kannski ekki búið að uppfylla alveg öll önnur skilyrði.

**Einar Haraldsson Keflavík**, lagði fram á breytingartillögu á breytingartillögu á breytingartillögunni. Hann sagði að við ætlum ekki að fara í verkefnið nema að við fáum það sem til þarf. Tillaga Einars er að tillaga Gunnars Þórs falli brott.

Tillaga Einars borin upp til atkvæða – samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Eftir nokkuð tafs og tuð kom í ljós að tillögur Gunnars Þórs og Jóhanns lutu báðar að því að setja efnisgreinarnar sem stjórn UMFÍ lagði fram upphaflega aftur inn í tillöguna – Samþykkt með 45 atkvæðum gegn 1.

**Tillagan í heild borin upp til samþykktar og var samþykkt samhljóða. (upphaflegu tillögunni, þ.e. þá sem var að lokum samþykkt, er að finna ofar í skjalinu).**

## TILLÖGUR FRÁ FJÁRHAGSNEFND

Guðríður Aadnegard formaður fjárhagsnefndar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

### ÞINGSKJAL NR. 6

## ÍSLENSKAR GETRAUNIR

### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að grípa til aðgerða til að loka á auglýsingar og starfsemi erlendra spilafyrirtækja sem ekki hafa leyfi til starfsemi hér á landi.

#### Greinargerð

Fjöldi erlendra spilafyrirtækja starfar hér á landi og auglýsir starfsemi sína. Slík starfsemi er ólögleg. Erlend spilafyrirtæki leggja ekkert til samfélagsins og bera engar samfélagslegar skyldur. Íslenskar rannsóknir sýna að spilun hjá erlendum spilafyrirtækjum hefur marktæk tengsl við spilavanda og spilafíkn. Tölur frá SÁÁ sýna að fjölgun er í hópi ungra drengja sem leita sér aðstoðar vegna spilavanda og spilafíknar sem tilkominn er vegna spilunnar hjá erlendum spilafyrirtækjum. Ísland er eina ríkið í Evrópu þar sem ekkert eftirlit er haft með erlendum veðmála-síðum. Því þarf að breyta áður en illa fer.

Íslenskar getraunir eru í eigu íþróttahreyfingarinnar og er eina fyrirtækið á Íslandi sem hefur starfsleyfi frá íslenskum stjórnvöldum til að reka íþróttagetraunir. Ágóði af rekstri Íslenskra getrauna rennur allur til aðildarféлага ÍSÍ og UMFÍ. Á hinn bóginn fer ágóði erlendra spilafyrirtækja allur úr landi og talið er að þær upphæðir skipti milljörðum króna á ári hverju.

Samþykkt með meirihluta atkvæða

### ÞINGSKJAL NR. 7

## ENDURSKOÐUNARFÉLAG

### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að BDO ehf. sjái um endurskoðun UMFÍ fyrir árið 2023.

#### Greinargerð

Tillagan er lögð fram í samræmi við 9. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að á meðal verkefna þings sé að kjósa endurskoðunarfélag samtakanna.

Samþykkt samhljóða

## ÞINGSKJAL NR. 8

### ÁRGJALD

#### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að innheimta ekki árgjald af skattskyldum félögum árið 2023.

#### Greinargerð

Tillagan er lögð fram í samræmi við 7. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að meðal verkefna þings sé að ákveða árgjald sambandaðila og aðildarfélaga.

#### Samþykkt samhljóða

## ÞINGSKJAL NR. 11

### SÖLUANDVIRÐI SIGTÚNS 42

#### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir að ráðstafa eftirstöðvum söluandvirðis Sigtúns 42 með stofnun tveggja sjóða; fjárfestingasjóðs og þrautavarasjóðs.

#### Greinargerð

Á 52 sambandsþingi UMFÍ á Húsavík 2021 lagði stjórn UMFÍ fram eftirfarandi tillögu sem var samþykkt samhljóða.

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. – 17. október 2021 heimilar stjórn UMFÍ að selja húseign samtakanna að Sigtúni 42 ef ásættanlegt tilboð berst með vísan til fyrri samþykktar sambandsráðsfundar á Ísafirði þann 20. október 2018. Jafnframt er stjórn heimilað að kaupa nýtt húsnæði sem hentar starfsemi samtakanna. Auk þess er stjórn heimilt að taka á leigu húsnæði þangað til ásættanlegt húsnæði finnst.

Þeir fjármunir sem fást fyrir fasteign samtakanna skulu ávaxtaðir með kaupum á ríkisskuldabréfum.

Stjórn UMFÍ er ekki heimilt að ráðstafa söluandvirði Sigtúns 42 til annars en kaupa og endurbóta á framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi hreyfingarinnar.

Verði söluandvirði Sigtúns 42 hærra en nemur kaupverði nýs húsnæðis skal ákvörðun um ráðstöfun eftirstöðva tekin á Sambandsþingi eða Sambandsráðsfundi, eftir því hvort kemur fyrir.

Nú hefur fasteignin við Sigtún 42 verið seld og hluti þriðju hæðarinnar að Engjavegi 6 verið tekin á leigu af ÍSÍ. Aðstaðan er öll hin glæsilegasta eftir endurbætur á hæðinni. Leigusamningurinn er til 10 ára með útgönguákvæði eftir 5 ár. Því er það mat stjórnar UMFÍ að húsnæðismál hreyfingarinnar séu nú trygg til skamms og meðallangs tíma og rétt sé að þing ræði ráðstöfun og varðveislu söluandvirðis Sigtúns 42.

Hlutverk Þrautavarsjóðs er að verja UMFÍ fyrir umtalsverðum óvæntum og ófyrirséðum fjárhagslegum áföllum þannig að ekki komi til þess að draga þurfi úr starfsemi félagsins eða taka fé að láni vegna þeirra. Í sjálfu sér er nær ómögulegt að telja upp öll þau tilfelli þar sem reynt gæti á slíkan sjóð. Þó skal hér nefnt eitt dæmi, Í Covid faraldrinum þurfti að loka ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni og komu engar tekjur inn meðan að samkomutakmarkanir voru í gildi. Engu að síður þurfti að greiða starfsmönnum laun, leigusala þurfti að greiða leigu auk þess sem greiða þurfti fyrir hita og rafmagn í húsnæðinu. Þetta er dæmi um óvænt og ófyrirséð fjárhagslegt áfall. Þrautavarsjóður er eins og fram hefur komið hugsaður til að auka getu UMFÍ til að bregðast við kringumstæðum sem þessum án þess að það bitni á starfseminni eða að skuldsetja þurfi samtökin.

Hlutverk Fjárfestingarsjóðs er að fjárfesta í varanlegum rekstrarfjármunum til hagsbóta fyrir hreyfinguna og eflingar starfsemi UMFÍ. Í sjálfu sér gildir það sama um þennan sjóð að erfitt er að telja upp allar mögulegar sviðsmyndir þar sem hægt væri að nýta fé sjóðsins. Hugur stjórnar UMFÍ, sem leggur fram tillöguna, stendur þó til þess um sé að ræða stærri fjárfestingar s.s. fasteignir.

Í reglugerðum beggja sjóðanna kemur fram að óheimilt er að nýta fé þeirra til annars en fram kemur í 2.gr grein um tilgang þeirra sem og að setja fé þeirra til tryggingar vegna lántöku eða annarra viðskipta UMFÍ.

Fé sjóðanna skal ávaxtað á varfærin hátt. Það skal ávaxtað á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma, með bankainnistæðu, kaupum á ríkistrygðum verðbréfum eða hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum sem samanstanda af ríkistrygðum verðbréfum.

Með þessu fyrirkomulagi er öryggi metið hærra en möguleg ávöxtun. Í báðum tilfellum er lagt til að stjórn annist varðveislu sjóðanna milli þinga. Samhljóða ákvörðun stjórnar þurfi til að ganga megi á fé sjóðanna og skuli stjórn birta rökstuðning fyrir ákvörðun um að ganga á sjóðina í fundargerð.

Þetta fyrirkomulag er fyrst og fremst af praktískum ástæðum. Boða þarf til þings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og það er því bæði tímafrekt og kostnaðarsamt ef boða þyrfti til þings í hvert skipti sem ganga þyrfti á sjóðina. Eins getur það bara tekið of langan tíma ef kalla saman þyrfti þing t.d. ef ganga þyrfti á þrautavarsjóð vegna launagreiðslna starfsmanna.

Hins vegar er skýrt að þing hefur endanlegt vald yfir sjóðunum. Þing getur ákveðið að lækka fé í þrautavarsjóði eða hækka. Stjórn UMFÍ hefur ekki slíkt vald. Þing getur lagt fyrir stjórn að ráðast í tilgreindar fjárfestingar og nýta til þess fé fjárfestingarsjóðs.

Í báðum tilfellum getur þing ákveðið að slíta sjóðunum og í framhaldi ákveðið hvernig því fé sem í þeim kann þá að vera verði ráðstafað.

Stjórn UMFÍ leggur til að í Þrautavarsjóð verði lagðar 75 milljónir kr. og í Fjárfestingarsjóð 152 milljónir kr. Tillaga í þrautavarsjóð miðast við kostnað við rekstur UMFÍ í 6 mánuði. Tillaga í fjárfestingarsjóð er söluverð að frádregnu tillagi í þrautavarsjóð og kostnaði við innréttingar á Engjavegi 6.

Með samþykkt þessarar tillögu fellur úr gildi tillaga sú sem samþykkt var á 52. sambandsþingi um ráðstöfun söluandvirðis Sigtúns 42.

## REGLUGERÐ UM FJÁRFESTINGARSJÓÐ UMFÍ

### grein

#### Heiti sjóðsins, stofnun og varsla

Heiti sjóðsins er Fjárfestingarsjóður UMFÍ. Heimili og varnarþing sjóðsins er þjónustumiðstöð UMFÍ að Engjavegi 6, Reykjavík og er sjóðurinn í vörslu stjórnar UMFÍ.

### grein

#### Tilgangur sjóðsins

Hlutverk sjóðsins er að fjárfesta í varanlegum rekstrarfjármunum til hagsbóta fyrir hreyfinguna og eflingar starfsemi UMFÍ. Óheimilt er að nota fé sjóðsins til annars en fram kemur í þessari grein eða setja fé hans að öllu leyti eða hluta til tryggingar vegna annarra viðskipta UMFÍ og/eða lántöku.

### grein

#### Stofnframlag sjóðsins

Stofnfé sjóðsins er ákveðið af sambandsþingi og er það hluti af söluandvirði fasteignar UMFÍ að Sigtúni 42, Reykjavík.

### grein

#### Ávöxtun sjóðsins og reikningsár

Fé sjóðsins skal ávaxtað með hagkvæmum hætti á hverjum tíma, með bankainnistæðu, kaupum á ríkistryggðum verðbréfum eða hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum sem samanstanda af ríkistryggðum verðbréfum.

Fjármunum sjóðsins skal haldið aðgreindum frá öðrum fjármunum UMFÍ. Reikningar sjóðsins skulu vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda UMFÍ og birtir með sama hætti og aðrir reikningar UMFÍ.

### grein

#### Sjóðstjórn og skipun hennar

Stjórn UMFÍ eins og hún er skipuð á hverjum tíma fer með varðveislu sjóðsins. Dagleg umsýsla er í höndum framkvæmdastjóra.

### grein

#### Úthlutunarreglur og staða sjóðsins

Stjórn UMFÍ tekur ákvörðun um nýtingu fjármuna sjóðsins sbr. 2. gr. Ákvörðun stjórnar skal vera samhljóða. Rökstuðning fyrir ákvörðuninni skal stjórn birta í fundargerð stjórnar.

Stjórn UMFÍ skal árlega gera grein fyrir stöðu sjóðsins á sambandsþingi eða sambandsráðsfundi.

Sambandsþing getur lagt fyrir stjórn að nýta fé sjóðsins að öllu leyti eða að hluta til tilgreindra fjárfestinga.

Sambandsþing tekur ákvörðun um slit sjóðsins og ráðstöfun þeirra fjármuna sem í honum kunna þá að vera. Sambandsþing eitt getur gert breytingar á reglugerð um sjóðinn.

Samþykkt á sambandsþingi UMFÍ 2023,  
Geysi, Haukadal

## REGLUGERÐ UM ÞRAUTAVARASJÓÐ UMFÍ

### grein

#### Heiti sjóðsins, stofnun og varsla

Heiti sjóðsins er Þrautavarasjóður UMFÍ. Heimili og varnarþing sjóðsins er þjónustumiðstöð UMFÍ að Engjavegi 6, Reykjavík og er sjóðurinn í vörslu stjórnar UMFÍ.

### grein

#### Tilgangur sjóðsins

Hlutverk sjóðsins er að verja UMFÍ fyrir umtalsverðum óvæntum og ófyrirséðum fjárhagslegum áföllum þannig að ekki komi til þess að draga þurfi úr starfsemi félagsins eða taka fé að láni vegna þeirra.

Óheimilt er að nota fé sjóðsins til annars en fram kemur í þessari grein eða setja fé hans að öllu leiti eða hluta til tryggingar vegna annarra viðskipta UMFÍ og/eða lántöku.

### grein

#### Stofnframlag sjóðsins

Stofnfé sjóðsins er ákveðið af sambandsþingi og er það hluti af söluandvirði fasteignar UMFÍ að Sigtúni 42, Reykjavík.

### grein

#### Ávöxtun sjóðsins og reikningsár

Fé sjóðsins skal ávaxtað með hagkvæmum hætti á hverjum tíma, með bankainni-stæðu, kaupum á ríkistryggðum verðbréfum eða hlutdeildarskírteinum í verðbréfa-sjóðum sem samanstanda af ríkistryggðum verðbréfum.

Fjármunum sjóðsins skal haldið aðgreindum frá öðrum fjármunum UMFÍ. Reikningar sjóðsins skulu vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda UMFÍ og birtir með sama hætti og aðrir reikningar UMFÍ.

### grein

#### Sjóðstjórn og skipun hennar

Stjórn UMFÍ eins og hún er skipuð á hverjum tíma fer með varðveislu sjóðsins. Dagleg umsýsla er í höndum framkvæmdastjóra.

### grein

#### Úthlutunarreglur og staða sjóðsins

Stjórn UMFÍ tekur ákvörðun um að ganga á sjóðinn sbr. 2. gr. Ákvörðun stjórnar skal vera samhljóða. Rökstuðning fyrir ákvörðuninni skal stjórn birta í fundargerð stjórnar.

Stjórn UMFÍ skal árlega gera grein fyrir stöðu sjóðsins á sambandsþingi eða sambandsráðsfundi.

Einungis á sambandsþingi er hægt að taka ákvörðun um að lækka fjárhæð sjóðsins eða bæta við fjárhæðina. Sambandsþing tekur ákvörðun um slit sjóðsins eða breytingar á reglugerð um sjóðinn.

Samþykkt á sambandsþingi UMFÍ 2023  
Geysi, Haukadal

Lárus B. Lárusson UMSK, leggur til að þingskjalið verði samþykkt. Staða félagsins hefur aldrei verið betri, hvorki málefnalega né fjárhagslega.

## GUÐRÍÐUR FLUTTI VÍSUNA GJÖFIN

Vertu glaður vinur hér,  
Vinn af trú og festu.  
Þá mun Guð og gæfan þér,  
Gefa launin bestu.

### ÞINGSKJAL NR. 1

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

### TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-22. október 2023, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2024.

### HEILDARYFIRLIT UM REKSTUR 2024

	Áætlun 2024	Áætlun 2023	Raun 2022
<strong>REKSTRARTEKJUR</strong>			
Ríkisframlag .....	133.522.000	129.000.000	132.200.000
Lottó og Getraunir .....	306.000.000	268.000.000	358.133.349
Aðrar tekjur .....	244.542.250	292.891.000	229.775.458
Söluhagnaður fasteignar .....	0	0	161.036.140
	<strong>684.064.250</strong>	<strong>689.891.000</strong>	<strong>881.144.947</strong>
<strong>REKSTRARGJÖLD</strong>			
Laun og launatengd gjöld .....	203.361.591	211.053.514	166.313.720
Lottó til sambandsaðila .....	237.000.000	208.560.000	278.185.346
Annar rekstrarkostnaður .....	215.731.333	245.219.985	281.785.417
Veittir styrkir .....	26.700.000	20.300.000	27.774.210
Afskriftir .....	1.200.000	1.200.000	1.620.500
	<strong>683.992.925</strong>	<strong>686.333.499</strong>	<strong>755.679.193</strong>
<strong>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</strong>	<strong>71.325</strong>	<strong>3.557.501</strong>	<strong>125.465.754</strong>
<strong>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD</strong>			
Fjármagnstekjur .....	9.500.000	9.260.000	12.413.463
Fjármagnsgjöld .....	-1.200.000	-1.200.000	-899.870
	<strong>8.300.000</strong>	<strong>8.060.000</strong>	<strong>11.513.593</strong>
<strong>Rekstrarniðurstaða ársins</strong>	<strong>8.371.325</strong>	<strong>11.617.501</strong>	<strong>136.979.347</strong>

## HEILDARYFIRLIT UM REKSTUR 2024

	Heild	Aðalsjóður	Skólabúðir á Reykjum	Mótahald	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis- sjóður
<b>REKSTRARTEKJUR</b>						
Ríkisframlag .....	133.522.000	126.322.000		7.200.000		
Lottó og getraunir .....	306.000.000	285.000.000			21.000.000	
Aðrar tekjur .....	244.542.250	28.475.000	192.617.250	22.250.000		1.200.000
	<b>684.064.250</b>	<b>439.797.000</b>	<b>192.617.250</b>	<b>29.450.000</b>	<b>21.000.000</b>	<b>1.200.000</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	203.361.591	111.356.634	84.804.958	7.200.000		
Lottó til sambandsaðila .....	237.000.000	237.000.000				
Annar rekstrarkostnaður .....	215.731.333	84.252.144	104.204.189	26.800.000	450.000	25.000
Veittir styrkir .....	26.700.000	5.700.000			20.000.000	1.000.000
Afskriftir .....	1.200.000	1.200.000				
	<b>683.992.925</b>	<b>439.508.778</b>	<b>189.009.147</b>	<b>34.000.000</b>	<b>20.450.000</b>	<b>1.025.000</b>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnslíða</b>	<b>71.325</b>	<b>288.222</b>	<b>3.608.103</b>	<b>-4.550.000</b>	<b>550.000</b>	<b>175.000</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)</b>						
Fjármunatekjur .....	9.500.000	9.000.000			350.000	150.000
Fjármagnsgjöld .....	-1.200.000	-1.200.000				
	<b>8.300.000</b>	<b>7.800.000</b>			<b>350.000</b>	<b>150.000</b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>8.371.325</b>	<b>8.088.222</b>	<b>3.608.103</b>	<b>-4.550.000</b>	<b>900.000</b>	<b>325.000</b>

Samþykkt samhljóða



# KOSNINGAR

## FORMAÐUR, STJÓRN, VARASTJÓRN OG KJÖRNEFND

Einar Haraldsson í kjörnefnd, stýrði kosningum í fjarveru formanns kjörnefndar.

### KOSNING FORMANNS

Jóhann Steinar Ingimundarson UMSK, var einn í kjöri og var því lýstur réttkjörinn formaður Ungmennafélags Íslands 2023 til 2025. Því var fagnað með lófataki.

### KYNNING Á FRAMBOÐI TIL STJÓRNAR OG VARASTJÓRNAR

Hver frambjóðandi fékk þrjár mínútur í þeirri röð sem getur hér að neðan. Eftirfarandi framboð bárust:

Ásgeir Sveinsson HHF – til aðalstjórnar  
Gunnar Þór Gestsson UMSS – til aðalstjórnar  
Málfríður Sigurhansdóttir ÍBR – til aðalstjórnar  
Helgi Sigurður Haraldsson HSK – til aðalstjórnar  
Sigurður Óskar Jónsson USÚ – til aðalstjórnar  
Guðmundur G. Sigurbergsson UMSK – til aðalstjórnar  
Kristín Thorberg UMSE – til aðalstjórnar  
Guðmunda Ólafsdóttir ÍA – til varastjórnar  
Rakel Másdóttir UMSK – til varastjórnar  
Ragnheiður Högnadóttir USVS – til aðalstjórnar  
Gunnar Gunnarsson UÍA – til aðalstjórnar  
Hallbera Eiríksdóttir UMSB – til varastjórnar  
Sigurður Eiríksson UMSE – til aðalstjórnar (var fjarverandi, en sendi myndbandsávarp)

### KOSNINGAR

Kosningar fóru fram rafrænt.  
Kosning til stjórnar UMFÍ, 10 manns í kjöri.  
Kosnir eru 6 fulltrúar í stjórn UMFÍ.

## NIÐURSTAÐA KOSNINGA TIL AÐALSTJÓRNAR

103 greiddu atkvæði.

	Atkvæði
Gunnar Þór Gestsson UMSS	90
Málfríður Sigurhansdóttir ÍBR	85
Gunnar Gunnarsson UÍA	79
Ragnheiður Högnadóttir USVS	78
Guðmundur G. Sigurbergsson UMSK	77
Sigurður Óskar Jónsson USÚ	73
Ásgeir Sveinsson HHF	58
Helgi Sigurður Haraldsson HSK	47
Kristín Thorberg UMSE	13
Sigurður Eiríksson UMSE	12

### Eftirtalin eru réttkjörin í stjórn UMFÍ 2023 - 2025

Gunnar Þór Gestsson UMSS  
Málfríður Sigurhansdóttir ÍBR  
Gunnar Gunnarsson UÍA  
Ragnheiður Högnadóttir USVS  
Guðmundur G. Sigurbergsson UMSK  
Sigurður Óskar Jónsson USÚ

Þeim sem ekki náðu kjöri í aðalstjórn var boðið að bjóða sig fram í varastjórn, sem þau þáðu öll.

### FRAMBOÐ TIL VARASTJÓRNAR UMFÍ

Guðmunda Ólafsdóttir ÍA  
Hallbera Eiríksdóttir UMSB  
Rakel Másdóttir UMSK  
Ásgeir Sveinsson HHF  
Sigurður Eiríksson UMSE  
Kristín Thorberg UMSE  
Helgi Sigurður Haraldsson HSK

## Niðurstaða kosninga til varastjórnar

102 greiddu atkvæði

	Atkvæði
Guðmunda Ólafsdóttir ÍA	92
Rakel Másdóttir UMSK	77
Ásgeir Sveinsson HHF	75
Hallbera Eiríksdóttir UMSB	72
Helgi Sigurður Haraldsson HSK	58
Sigurður Eiríksson UMSE	20
Kristín Thorberg UMSE	14

Samþykkt samhljóða

Eftirtalin eru réttkjörin í varastjórn UMFÍ 2023 – 2025, í þessari röð:

- Guðmunda Ólafsdóttir ÍA
- Rakel Másdóttir UMSK
- Ásgeir Sveinsson HHF
- Hallbera Eiríksdóttir UMSB

Þingforseti bar því næst upp tillögu að kjörnefnd sem starfi milli þinga

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð  
Guðný Stefanía Stefánsdóttir HSV  
Einar Haraldsson KEF  
Halla Garðarsdóttir UMSK  
Haukur F. Valtýsson ÍBA

Til vara:

Anna Bjarnadóttir ÍA

## ÞINGSLIT

Þórir Haraldsson þingforseti, þakkaði fyrir hönd beggja þingforseta fyrir gott þing, þar sem tíma-  
mótaáskvarðanir hafa verið teknar.

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ, þakkaði þingheimi fyrir gott þing, þeim sem hverfa úr  
stjórn kærlega fyrir sitt framlag og þeim sem ekki náðu kjöri fyrir að bjóða sig fram. Jóhann færði þingfor-  
setum smá þakklætisvott fyrir röggsama fundarstjórn.

Hann sleit svo 53. Sambandsþingi UMFÍ, kl. 17:45 á laugardagskvöldi, langt á undan áætlun.

## MÁLSTOFUR

Eftirfarandi málstofur fóru fram eftir þingslit:

### Íþróttalög, framtíðarsýn

Umsjón: Guðmundur Sigurbergsson, UMSK.  
Einar Þ. Eyjólfsson

### Mótahald

Umsjón: Ragnheiður Högnadóttir, USVS.  
Sigurður Guðmundsson og Iðunn Bragadóttir

### Allir með, brú til framtíðar

Umsjón: Valdimar Gunnarsson, verkefnastjóri  
Allir með! Ragnheiður Sigurðardóttir

## KVÖLDVERÐUR OG SKEMMTUN

Tónlistaratriði

Trúbadorinn Rúnar Eff spilaði undir kvöldverði.

## MATMAÐUR ÞINGSINS

Að þingstörfum og kvöldverði loknum greindu Þórir Haraldsson þingforseti, Guðríður Aadnegard formaður HSK og Ingvar Sverrisson matmaður síðasta þings frá vali á matmanni þingsins. Þau sögðu frá því að í 20 efstu sætunum hefðu verið konur, en í 21 sæti hefði verið Gestur Einarsson HSK. Hann hafði nefnilega verið hjá tannlækni nokkrum dögum fyrir þing, þar sem hann varð sex tönnum fátækari. Hann hafi því, líkt og kýrnar sem hann sinnir dagsdaglega, jórtrað sig í gegnum matinn á þinginu.

Matmaður 53. sambandsþings UMFÍ er Birna Baldursdóttir ÍBA. Í rökstuðningi dómnefndar kom m.a. fram að hún hafi tekið hraustlega til matar síns og ekki bara það, heldur líka tekið hraustlega til matar annarra þingfulltrúa. Birna kallaði matreiðslumann og framreiðslufólk hótelsins fram og því var fagnað með dynjandi lófataki.

## FULLTRÚAR, GESTIR OG STARFSFÓLK

### ÞINGFULLTRÚAR FRÁ SAMBANDSAÐILUM

Alls skiluðu sambandsaðilar inn kjörbréfum fyrir 111 þingfulltrúa.

#### HHF (3)

Ásgeir Sveinsson  
Birna Friðbjört Hannesdóttir  
Valdimar Smári Gunnarsson

#### HSB (3)

Jenný Hólmsteinsdóttir

#### HSH (5)

Gunnhildur Gunnarsdóttir  
Hjörleifur K. Hjörleifsson  
Garðar Svansson

#### HSK (11)

Guðríður Aadnegard  
Anný Ingimarsdóttir  
Engilbert Olgeirsson  
Gestur Einarsson  
Gissur Jónsson  
Guðjóna Björk Sigurðardóttir  
Guðmundur Jónasson  
Guðrún Tryggvadóttir  
Helgi S. Haraldsson  
Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason  
Sigríður Anna Guðjónsdóttir

Til vara:

Guðmunda Ólafsdóttir  
Faney Ólafsdóttir  
Guðmundur Sigmarsson  
Hafðís Jóna Guðmundsdóttir  
Sólmundur Magnús Sigurðarson  
Rakel Þórarinsdóttir

#### HSS (3)

Óskar Albert Torfason  
Guðbjörg Hauksdóttir  
Magnea Dröfn Hlynsdóttir

#### HSV (4)

Dagný Finnbjörnsdóttir  
Anton Helgi Guðjónsson  
Heba Dís Þrastardóttir  
Hrefna Dís Pálsdóttir

#### HSP (4)

Gunnhildur Hinriksdóttir  
Guðbjört Aradóttir

#### ÍA (4)

Guðmunda Ólafsdóttir  
Anna Bjarnadóttir  
Eyrún Reynisdóttir  
Gyða Björk Bergþórsdóttir

### ÍBA (11)

Geir Kristinn Aðalsteinsson  
Birna Baldursdóttir  
Helga Björg Ingvadóttir  
Sigrún Árnadóttir  
Haukur Friðgeir Valtýsson  
Linda Guðmundsdóttir  
Elfa María Magnúsdóttir  
Steindór Kristinn Jónsson  
Axel Albert Jensen  
Til vara:  
Ómar Kristinsson  
Ellert Örn Erlingsson

### ÍBH (11)

Hrafnkell Marinósson  
Elísabet Ólafsdóttir  
Magnús Gunnarsson  
Viðar Halldórsson  
Guðrún Bjarney Bjarnadóttir  
Hildur Vilhelmsdóttir  
Guðjón Guðnason  
Unnar Már Magnússon  
Ólafur Þór Ágústsson

**ÍBR (11)**

Ingvar Sverrisson  
Frímann Ari Ferdinandsson  
Lilja Sigurðardóttir  
Viggó Viggósson  
Hrönn Svansdóttir  
Jón Karl Ólafsson  
Valfríður Möller  
Málfríður Sigurhansdóttir  
Jón Þór Ólafsson  
Sigfús Ægis Árnason  
Björgvin Þorsteinsson

**UDN (3)**

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir  
Jóhanna Sigrún Árnadóttir

**UÍA (7)**

Benedikt Jónsson  
Björgvin Stefán Pétursson  
Gunnar Gunnarsson  
Helgi Steinar Jónsson  
Til vara:  
Gunnar Einarsson

**UÍF (3)**

Arnheiður Jónsdóttir  
Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir

**UMSB (4)**

Guðrún Þórðardóttir  
Sigurbjörg Þ. Marteinsdóttir  
Bjarney L. Bjarnadóttir  
Ernir Daði Arnberg  
Sigurðsson

**UMSE (3)**

Þorgerður Guðmundsdóttir  
Kristín Thorberg

**UMSK (11)**

Guðnundur Sigurbergsson  
Jóhann Steinar Ingimundarson  
Lárus B. Lárusson  
Victor Ingi Olsen  
Geirarður Þórir Long  
Halla Garðarsdóttir  
Rakel Másdóttir  
Sigurður Guðmundsson  
Pétur Hrafn Sigurðsson  
Sigurjón Sigurðsson  
Embla Líf Hallsdóttir  
Til vara:  
Laufey Karlsdóttir  
Sjöfn Þórðardóttir  
Bóel Kristjánsdóttir  
Íris Káradóttir  
Vala Guðný Guðnadóttir  
Sveinn Sigurðsson

**UMSS (5)**

Gunnar Þór Gestsson  
Kolbrún Marvía Passaro  
Þorvaldur Gröndal  
Thelma Knútsdóttir

**USAH (3)**

Snjólaug Jónsdóttir

**USÚ (3)**

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir  
Sigurður Óskar Jónsson

**USVH (3)**

Omar Eyjólfsson  
Til vara:  
Guðrún Helga Magnúsdóttir

**USVS (3)**

Ragnheiður Högnadóttir  
Árni Jóhannesson  
Sif Hauksdóttir

**KEFLAVÍK ÍPRÓTTA- OG UNGMENNAFÉLAG (7)**

Einar Haraldsson  
Birgir Már Bragason  
Garðar Newman  
Sveinbjörg Sigurðardóttir  
Björg Hafsteinsdóttir  
Jónína Steinunn Helgadóttir  
Til vara:  
Garðar Örn Arnarson

**UMFG (2)**

Gunnlaugur Hreinnsson

**UMFN**

Ólafur Þ Eyjólfsson  
Hámundur Örn Helgason  
Thor Ólafur Hallgrímsson  
Bergþóra Ósk Jóhannsdóttir  
Anna Sigríður Valgeirsdóttir  
Thor Andri Hallgrímsson

**V (1)**

Einar Kristján Jónsson

**UMFÞ (2)**

Marteinn Ægisson  
Til vara:  
Stefán Harald  
Petra Ruth Rúnarsdóttir

**STJÓRN OG VARASTJÓRN UMFÍ 2021-2023 (11)****Stjórn**

Jóhann Steinar Ingimundarson,  
formaður  
Gunnar Þór Gestsson,  
varaformaður  
Sigurður Óskar Jónsson, ritari  
Guðmundur Sigurbergsson,  
gjaldkeri  
Ragnheiður Högnadóttir,  
meðstjórnandi  
Gunnar Gunnarsson,  
meðstjórnandi

## Varastjórn

Hallbera Eiríksdóttir  
Lárus B. Lárusson  
Gissur Jónsson  
Guðmunda Ólafsdóttir

## UNGMENNARÁÐ UMFÍ (9)

Embla Líf Hallsdóttir  
Halla Margrét Jónsdóttir  
Eiður Andri Guðlaugsson  
Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson  
Kolbeinn Þorsteinsson  
Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage  
Sara Rut Mellado

## STARFSFÓLK UMFÍ (7)

Auður Inga Þorsteinsdóttir  
framkvæmdastjóri UMFÍ  
Einar Þ. Eyjólfsson  
fjármálastjóri UMFÍ  
Iðunn Bjarnadóttir  
bókari UMFÍ  
Ragnheiður Sigurðardóttir  
verkefnastjóri UMFÍ  
Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
kynningarfulltrúi UMFÍ  
Sigurður Guðmundsson  
forstöðumaður Ungmennabúða

## GESTIR

Andri Stefánsson  
Anna Karólína Vilhjálmisdóttir  
Anna R. Möller  
Ásmundur Einar Daðason  
Björn B. Jónsson  
Guðmundur Kr. Jónsson  
Gunnar Jóhannesson  
Hannes Jón Jónsson  
Haukur Valtýsson  
Helgi Kjartansson  
Katrín Einarsdóttir  
Kristján Yngvason  
Kristján Thorlacius  
Olga Bjarnadóttir  
Sólveig Jónsdóttir  
Stefán Konráðsson  
Sæmundur Runólfsson  
Teitur Erlingsson  
Vésteinn Hafsteinsson  
Þórður Hjaltsted  
Þórir Jónsson  
Þórir Haraldsson

ÍSÍ  
ÍF  
Þingritari og heiðursfélagi UMFÍ  
Mennta- og barnamálaráðherra  
Heiðursfélagi UMFÍ  
HSK  
ÍS  
KKÍ  
Heiðursfélagi UMFÍ  
Bláskógabyggð  
BLÍ  
Heiðursfélagi UMFÍ  
Laganefnd UMFÍ  
Þingforseti  
FSÍ  
Íslensk Getspá  
Fyrrum framkvæmdastjóri UMFÍ  
Aðstoðarmaður ráðherra  
Mennta- og barnamálaráðuneyti  
ÍF  
Heiðursfélagi UMFÍ  
Þingforseti

## ÞINGGERÐ RITUÐU

Sigurður Óskar Jónsson  
Anna R. Möller

Ungmennafélag Íslands  
Engjavegur 6, 104 Reykjavík  
568 2929 / [umfi@umfi.is](mailto:umfi@umfi.is)

**UMFI.IS**